

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 60. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1975.

Sextugasta þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var háð í Genf dagana 4.–25. júní 1975.

Þingið sátu alls um 1500 manns frá 119 af 126 aðildarríkjum stofnunarinnar. Ísland átti ekki fulltrúa á þessu þingi.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

- I. Skýrsla forstjóra.
- II. Fjárhagsmál.
- III. Framkvæmd samþykktu og tillagna Alþjóðavinnumálaþings.
- IV. Félagssamtök verkafólks í sveitum og þáttur þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun (síðari umræða).
- V. Farandverkamenn (síðari umræða).
- VI. Þróun vinnuafis, starfsfræðsla og starfsþjálfun (síðari umræða).
- VII. Stofnun samstarfsnefnda til þess að stuðla að framkvæmd samþykktu ILO (almenn umræða).
- VIII. Jafnrétti kvenna og karla í alvinnu.
- IX. Skýrsla vinnunefndar um skipulagsmál.

I. Skýrsla forstjóra.

Fyrsta mál á dagskrá hvers vinnumálaþings er skýrsla forstjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar. Skýrsla þessi fjallar í fyrsta lagi um starfsemi stofnunarinnar, en
einnig er þar tekið fyrir ákveðið mál, sem forstjórinn telur hverju sinni mikilvægt að
fá almennar umræður um. Að þessu sinni fjallaði hann í skýrslu sinni um leiðir til
þess að bæta starfskjör verkafólks og aðbúð og umhverfi á vinnustað.

Alls tóku 231 ræðumaður til máls í hinum almennu umræðum um þetta mál. Í
þessum umræðum voru það einkum fjögur atriði sem sérstök áhersla var lögð á.

1. Að bæta starfsskilyrði í þróunarlöndunum, einkum í landbúnaði.
2. Að draga úr vinnuslysum hvarvetna í heiminum, ekki síst í landbúnaði, byggingar-
vinnu og námuvinnu, en í þessum greinum er slysatiðni mest.
3. Að styrkja þær aðgerðir, sem miða að því að menn geti valið um fleiri störf og
þannig öðlast meiri ánægju og lífsfyllingu í starfi sínu.
4. Að setja ný alþjóðleg ákvæði um aðbúð og umhverfi á vinnustað og e. t. v. einnig
ýtarlegar reglur um aðild starfsmanna að setningu reglna um öryggi og hollustu-
hætti, fyrirkomulag á vinnustað og önnur atriði, sem stuðla að betri aðbúð þar.

Forstjórinn lýsti því yfir að ILO mundi hefjast handa um alþjóðlegt samstarf til
þess að bæta aðbúð og umhverfi á vinnustöðum og hann kvaðst þess fullviss að ILO
gæti lagt mikið af mörkum til úrbóta í þessum málum.

II. Fjárhagsmál.

Þingið samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árin 1976 og 1977, að upphæð 143 982 000
dollara, þ. e. 71 991.000 dollarar fyrir hvort ár.

Við þessa fjárhæð bættist svo 10 millj. dollara framlag til framkvæmdasjóðs stofn-
unarinnar (Working Capital Fund) svo að árið 1976 námu gjöld aðildarríkjanna til
stofnunarinnar 81 041 000 dollurum. Af þessari fjárhæð greiddi Ísland 0.03% eða
24 312 dollara.

III. Framkvæmd samþykktá og tillagna.

Aðildarríkjum ILO er skylt að gera stofnuninni grein fyrir framvindu í þeim málum, sem vinnumálaþingið hefur gert samþykktir um. Sérstök nefnd sérfræðinga rannsakar þessar greinargerðir og gefur hún þinginu skýrslu um niðurstöður athugana sinna. Sérstök þingnefnd fjallar um málið, en álit hennar er síðan lagt fyrir allsherjarþingið til endanlegrar afgreiðslu.

Að þessu sinni var athyglinni einkum beint að samþykkt um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf. Um það bil $\frac{2}{3}$ aðildarríkja stofnunarinnar höfðu fullgilt þessa samþykkt og talið er að hún hafi í ríkum mæli stuðlað að launajafnrétti kynjanna, þótt víða skorti mikið á að settu marki sé náð í þessu efni.

IV. Félagssamtök, verkafólk í sveitum og þáttur þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun.

Fyrri umræða um þetta mál fór fram á þinginu 1974. Síðari umræða fór svo fram á þinginu 1975 og var það þá afgreitt með alþjóða samþykkt og tillögu, sem gerðar voru einróma á þinginu.

Í samþykktinni er kveðið á um félagafrelsi verkafólks í sveitum og réttarstöðu félagssamtaka þess. Í tillögunni er gerð nánari grein fyrir því hlutverki, sem þessi félög gegna og hvernig stuðla beri að vexti þeirra og viðgangi.

Samþykkt þessi og tillaga eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl I og IV.

V. Farandverkamenn.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1974. Þá voru samþykkt drög að samþykkt og tillögu um málið. Þau drög voru sendi ríkisstjórunum til athugunar og að fengnum athugasemdum þeirra voru gerðar smávægilegar breytingar á þessum drögum. Málið var svo tekið til síðari umræðu á þinginu 1975 og afgreitt með alþjóðasamþykkt og tillögu.

Samþykktin miðar að því að vernda verkamenn, sem flytjast milli landa í atvinnuleit, og tryggja rétt þeirra í hvívetna. Hún leggur aðildarríkjum þá skyldu á herðar að leitast við að koma í veg fyrir ólöglega og ósæmilega flutninga verkafólks milli landa og sjá til þess að erlendir menn, sem starfa í landi þeirra, njóti jafnréttis við innlenda verkamenn.

Tillagan hefur að geyma ýtarlegar reglur varðandi hin ýmsu vandamál, sem fram koma í sambandi við dvöl verkamanna og fjölskyldna þeirra erlendis. Þessar reglur eru settar fram sem tilmæli til aðildarríkja og þeim til leiðbeiningar, en eru ekki bindandi.

Samþykktin og tillagan eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl III og VI.

VI. Þróun vinnuafis. Starfsfræðsla og starfsþjálfun.

Á þessu þingi fór fram síðari umræða um þetta mál og var það afgreitt með alþjóðasamþykkt og tillögu.

Samþykktin skuldbindur þau ríki, sem hana fullgilda, til þess að koma á fót viðtækri starfsfræðslu og starfsþjálfun í nánnum tengslum við atvinnulíf og vinnumiðlun. Í þessu efni skal hafa nána samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Í samþykktinni er skilgreint til hverra starfsemi þessi taki og hvað í henni felst.

Í tillögunni er gerð nánari grein fyrir þeim atriðum, sem hafa ber í huga og hvaða markmiðum að skuli stefna í þessum málum.

Samþykktin og tillagan eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl II og V.

VII. Stofnun samstarfsnefnda til þess að stuðla að framkvæmd samþykktá ILO.

Á þinginu var rætt um möguleika á því að gera samþykkt eða tillögu um að í aðildarríkjunum verði settar á fót samstarfsnefndir, skipaðar fulltrúum ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins, til þess að auka samvinnu og samráð þessara aðila um þau mál, sem varða Alþjóðavinnumálastofnunina.

Mál þetta varð ekki úrætt og var ákveðið að taka það upp á næsta þingi.

VIII. Jafnrétti kvenna og karla í atvinnu.

Vegna þess að Samcinuðu þjóðirnar höfðu ákveðið að árið 1975 skyldi vera alþjóðlegt kvennaár, var ákveðið að taka jafnréttismál á dagskrá þessa þings. Ekki var ætlunin að gerð yrði alþjóðasamþykkt um málið, heldur skyldu fara fram almennar umræður um það.

Umræður þessar leiddu til þess að gerð var ályktun, sem felur í sér stefnumörkun þingsins í jafnréttismálum, en hún er í stuttu máli í því fólgín að unnið skuli að því öllum árum að sem allra fyrst verði konum veittur sami réttur og sama aðstaða og körlum í öllum atriðum sem atvinnu varða. Hvetur þingið Alþjóðavinnumálastofnunina og aðildarríki hennar til þess að stuðla að því að þessu marki verði náð.

IX. Skipulagsmál.

Á þinginu 1974 var fjallað um breytingar á ýmsum þáttum í skipulagi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ekki náðist þá samkomulag um neinar breytingar. Var því skipuð sérstök millipinganefnd til þess að vinna að lausn málsins og skyldi hún leggja tillögur sínar fyrir næsta þing. Nefndinni hefur tekist að ná nokkrum árangri í starfi sínu, en því var ekki lokið fyrir þingið 1975. Samþykkti þingið því að framlengja umboð nefndarinnar um eitt ár.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 141 um félagssamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 60. þingsetu sinnar í Genf hinn 4. júní 1975 eftir kveðningu stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

viðurkennir að mikilvægi verkafólks í sveitum um heim allan gerir það nauðsynlegt að tengja það efnahagslegri og félagslegri þróun ef bæta á starfskjör þess og lífskjör raunverulega til frambúðar,

gefur því gaum að í mörgum löndum heims og þó einukum í bróunarlöndunum er mikil vannýting á landi og vinnuafli og að þetta gerir það nauðsynlegt að hvetja verkafólk í sveitum til þess að koma á fót friálsu og þróttmiklu samtökum, sem fær séu um að vernda og efla hag meðlima sinna og tryggja raunhæft framlag þeirra til efnahagslegra og félagslegra framfara,

telur að slík samtök gefi og eigi að leggja sitt af mörkum til þess að draga úr ríkjandi skorti á matvælu í ýmsum hlutum heims,

viðurkennir að breyttar ábúðarreglur eru í mörgum bróunarlöndum verulegur þáttur í umbótum á vinnuskilyrðum og lífskiörum verkafólks í sveitum og að samtök slíks verkafólks ætlu því að taka þátt í því að koma slíkum breytingum í framkvæmd,

mínnist ákvæða í gildandi alþjóðasamþykktum og tillögum, sér í lagi Samþykkt um félagafrelsi landbúnaðarfolks, 1921, Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess 1948 og Samþykkt um félagafrelsi og samningsrétt, 1949, en þessar samþykktir

staðfesta rétt alls verkafólks, þ. á m. verkafólks í sveitum, til þess að stofna óháð og sjálfstæð samtök. Einnig minnst það ákvæða fjölmargra samþykktu og tillagna Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem verða verkafólk í sveitum og gera ráð fyrir þátttöku félagsamtaka verkafólks m. a. í framkvæmd þessara ákvæða,

minnst afskipta Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra, einkum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, af breytingum ábúðar og framfaramálum sveita,

vekur athygli á því að eftirfarandi ákvæði hafa verið samin í samvinnu við Matvæla- og Landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og að til þess að koma í veg fyrir tvíverknað mun verða höfð stöðug samvinna við þá stofnun og Sameinuðu þjóðirnar um að ýta á og tryggja framkvæmd þessara ákvæða,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi samtök verkafólks í sveitum og hlut þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun, en það er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

Þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, hinn 23. júní 1975 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um félagsamtök verkafólks í sveitum, 1975:

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar félagsamtaka verkafólks í sveitum, þar með talin félög, sem ekki eru einungis fyrir verkafólk í sveitum en fara með umboð þess.

2. gr.

1. Að því er tekur til þessarar samþykktar er með orðunum „verkafólk í sveit“ átt við hvern þann mann, sem stundar landbúnað, handið eða skyld störf til sveita hvort sem hann er launþegi eða vinnur sjálfstætt t. d. sem leiguliði eða sjálfseignarhöndi í smáum stíl.
2. Samþykkt þessi tekur einungis til þeirra leiguliða og smábænda á eigin jörð, sem hafa aðaltekjur sínar af landbúnaði, yrkja landið sjálfir aðeins með hjálp fjölskyldu sinnar eða aðfengnu vinnuafli um stundarsakir og ekki
 - a. hafa verkafólk í vinnu að staðaldri,
 - b. hafa í sinni þjónustu verulegan fjölda verkafólks á vissum árstíðum, eða
 - c. eiga jörð, sem setin er af leiguliðum.

3. gr.

1. Allir flokkar verkafólks í sveitum, hvort sem það eru launþegar eða vinnur hjá sjálfu sér, skal eiga rétt á því að stofna og ganga í félög að eigin geðþótta án fyrirfram gefins leyfis og er það aðeins háð reglum hlutaðeigandi félags um inngöngu í það.
2. Grundvallarreglur félagafrelsis skulu fyllilega virtar. Félög verkafólks í sveitum skulu vera óháð, byggð á frjálsum grundvelli og þau skulu vera laus við afskipti, þvinganir eða kúgun.
3. Rétt félagsamtaka verkafólks í sveitum til þess að teljast persóna að lögum skal ekki binda skilyrðum, sem eru þess eðlis að þau hefti beitingu ákvæða fyrri töluliða þessarar greinar.
4. Við beitingu réttar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal verkafólk í sveitum og hlutaðeigandi samtök þess virða landslög eins og annað fólk og félagsamtök.
5. Landslög mega ekki vera þannig að þau skerði þau réttindi, sem kveðið er á um í þessari grein og eigi má heldur beita þeim á þann veg.

4. gr.

Það skal vera markmið stefnu þjóðfélagsins varðandi framfaramál sveita að greiða á frjálsum grundvelli fyrir stofnun og eflingu sterkra og sjálfstæðra félagsamtaka verkafólks í sveitum, en það er veigamikil atriði til tryggingar því að

verkafólk í sveitum eigi þátt í efnahagslegum og félagslegum framförum og njóti góðs af þeim án mismununar eins og hún er skilgreind í Samþykkt frá 1958 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

5. gr.

1. Í því skyni að gera félögum verkafólks í sveitum fært að sinna sínu hlutverki í efnahagslegum og félagslegum framförum, skal hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, setja sér og framfylgja stefnu, sem er á virkan hátt hvetjandi fyrir þessi félög, einkum með það fyrir augum að fjarlægja hindranir fyrir stofnun þeirra, vexti og löglegum framkvæmdum svo og þá mismunun, gagnvart félögum verkafólks í sveitum eða meðlimum þeirra, sem kann að fyrirfinnast í lögum eða framkvæmd.
2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal tryggja það að lög eða reglugerðir, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna í hverri sveit, hefti ekki stofnun eða vöxt félaga verkafólks í sveitum.

6. gr.

Leitast skal við að auka sem mest skilning á þörf þess að efla þróun félagsamtaka verkafólks í sveitum og hlut þann, sem þau geta átt í því að bæta atvinnu- möguleika og almenn vinnuskilyrði og lífskjör í sveitum svo og að auka þjóðar- tekjurnar og koma á betri skiptingu þeirra.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík upp- sögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildar- ríkjum Alþjóðavinnu- málaskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga og upp- sagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álita það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
 - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
 - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.**Samþykkt nr. 142 um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, er kom saman til 60. þingsetu sinnar í Genf hinn 4. júní 1975 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi þróun vinnuafls með starfsfræðslu og starfsþjálfun, en það er 6. mál á dagskrá þingsins, og

þar sem það hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 23. júní 1975 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist samþykkt um þróun vinnuafls, 1975:

1. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal setja sér og þróa viðtæka og samræmda stefnuskrá og áætlanir um starfsfræðslu og starfsþjálfun í nánnum tengslum við atvinnu, sér í lagi á vegum hinnar opinberu vinnumiðlunar.
2. Í þessum stefnuskrám og áætlunum skal taka hæfilegt tillit til
 - a. vinnuaflsþarfa, atvinnuöguleika og vandamála í sambandi við vinnu, bæði með tilliti til landsins alls og einstakra landshluta;
 - b. þróunarstigs á sviði efnahags-, félags- og menningarmála;
 - c. gagnkvæmra tengsla milli þróunar vinnuafls og annarra efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra markmiða.
3. Stefnuskránum og áætlununum skal framfylgja með aðferðum, sem hæfa aðslæðum í landinu.
4. Stefnuskrárnar og áætlanirnar skulu miða að því að auka hæfni einstaklinganna til þess að skilja hið starfslega og félagslega umhverfi og hafa áhrif á það bæði hver fyrir sig og í félagi.

5. Að teknu tilliti til þarfa samfélagsins, skulu áætlanirnar og stefnuskrárnar hvetja alla menn og gera þeim kleift á jafnréttisgrundvelli og án mismununar af neinu tagi að þroska og nota hæfileika sína til starfa eins og best hentar hagsmunum þeirra og samrýmist þeirra eigin óskum.

2. gr.

Með framangreind markmið í huga, skal sérhvert aðildarríki byggja upp og þróa kerfi er séu opin, sveigjanleg og til uppfyllingar fyrir almenna, tæknilega og starfslega menntun, leiðsögn í menntun og starfi og starfsþjálfun, hvort sem þessi starfsemi fer fram innan hins formlega skólakerfis eða utan þess.

3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal smám saman auka starfsfræðslukerfi sitt, þar á meðal stöðugar upplýsingar um atvinnu, í því skyni að tryggja það, að viðtækar upplýsingar og sem allra best leiðsögn standi til boða öllum börnum, unglingum og fullorðnum og einnig skulu þessi kerfi hafa að geyma viðeigandi áætlanir fyrir fatlaða og öryrkja.
2. Slíkar upplýsingar og leiðsögn skulu taka til starfsvals, starfsþjálfunar og skyldra möguleika til menntunar, ástandans á vinnumarkaði og atvinnuhorfa, möguleika á frama, vinnuskilyrða, öryggis og heilbrigði í starfi og annarra þátta atvinnulífsins í hinum ýmsu greinum efnahagslegrar, félagslegrar og menningarlegrar starfsemi og á öllum stigum ábyrgðar.
3. Við upplýsingarnar og leiðsögnina skal bæta upplýsingum um almenn efni heildarsamninga og réttindi og skyldur allra hlutaðeigenda samkvæmt vinnulöggjöf. Þessar upplýsingar skal veita í samræmi við lög og venjur með tilliti til mismunandi ætlunarverka eða hlutverka hlutaðeigandi félaga verkafólks og atvinnurekenda.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki skal smám saman auka, aðlaga og samhæfa starfsþjálfunarkerfi sín til þess að mæta þörfinni fyrir starfsþjálfun ævina alla bæði fyrir unglinga og fullorðna í öllum greinum atvinnulífsins og á öllum stigum færni og ábyrgðar.

5. gr.

Áætlanir og stefnuskrár um starfsfræðslu og starfsþjálfun skulu samdar og framkvæmdar í samvinnu við félagssamtök atvinnurekenda og verkafólks svo og önnur samtök, sem hlut eiga að máli, eftir því sem við á og í samræmi er við landslög og venjur.

6.—13. gr.

Samhljóða 7.—14. gr. í samþykkt nr. 141 hér að framan.

Fylgiskjal III.

Samþykkt nr. 143 um óhæfilegar aðstæður farandverkamanna og jafnrétti þeirra til atvinnumöguleika og aðbúðar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, er kom saman til 60. þingsetu sinnar í Genf hinn 4. júní 1975 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar,

hefur það í huga að í formála stofnskrár Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar er þinginu falið það hlutverk að vernda „hagsmunum verkamanna þegar þeir starfa utan heimalands síns“,

hefur það í huga að Philadelfiuyfirlýsingin staðfestir á ný að ein af þeim grundvallarreglum, sem stofnunin byggir á, sé að „vinnuafl er ekki verslunarvara“ og að „fátækt hvar sem er stofnar í hættu velmegun allsstaðar“, og viðurkennir þá

frumskyldu ILO að framfylgja stefnu, sem miði sérstaklega að fullri atvinnu með „flutningi vinnuafis m. a. í atvinnuleit“ og

hefur í huga áætlanir ILO í atvinnumálum heims og Samþykkt og Tillögu um stefnu í atvinnumálum frá 1964 og leggur áherslu á nauðsyn þess að koma í veg fyrir of mikla og eftirlitslausa fólksflutninga milli landa vegna hinna neikvæðu afleiðinga þeirra á félags- og mannúðarmál,

hefur það í huga að til þess að koma í veg fyrir of hægfara þróun og atvinnuleysi, leggja ríkisstjórnir margra landa aukna áherslu á tilflutning fjármagns og tækni fremur en flutning verkamanna eftir þörfum og kröfum þessara landa til gagnkvæmra hagsbóta fyrir heimalandið og starfslandið,

hefur í huga rétt allra manna til brottfarar frá hvaða landi sem er, þar á meðal heimalandi sínu og endurkomu til síns eigin lands eins og kveðið er á um í Mannréttindayfirlýsingunni og Alþjóðasáttmálanum um borgaraleg og pólitísk réttindi,

minnist ákvæðanna í Samþykkt og Tillögu frá 1949 um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit, Tillögu frá 1955 um verndun farandverkamanna í þróunarlöndum, Samþykkt og Tillögu frá 1964 um stefnu í atvinnumálum, Samþykkt og Tillögu frá 1948 um vinnumiðlun og Samþykkt frá 1949 um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka greiðslu fyrir störf sín, en þessar samþykktir og tillögur fjalla um efni eins og skipulag á skráningu, kynningu og ráðningu farandverkamanna, veitingu áreiðanlegra upplýsinga um flutninga milli landa, lágmarkskjör, sem útflytjendur skuli njóta á ferð sinni og á áfangastað, setningu raunhæfrar stefnu í vinnumálum og alþjóðlega samvinnu um þessi mál,

telur að flutningur verkamanna milli landa vegna ástands á vinnumarkaðnum ætti að fara fram á ábyrgð opinberra vinnumiðlunarstofnana, eða samkvæmt viðeigandi samningum milli tveggja eða fleiri ríkja, einkum þeirra, sem leyfa frjálsa flutninga verkafólks,

telur að þar sem sannað er að fram fari ólögleg og leynileg verslun með vinnuafli sé nauðsynlegt að settar séu nánari reglur til þess að útrýma þessari óhæfu,

minnist ákvæða Samþykktar frá 1949 um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit, sem leggur þá skyldu á herðar ríkjum, sem hana fullgilda, að þau veiti innflytjendum, sem löglega dvelja í löndum þeirra, aðstöðu sem ekki sé lakari en borgarar þeirra njóta á hinum ýmsu sviðum sem nefnd eru í samþykktinni, að svo miklu leyti sem þessum málum er skipað með lögum eða reglugerðum, eða eru háð eftirliti stjórnvalda,

minnist þess að skilgreining hugtaksins „mismunun“ í Samþykktinni frá 1958 um mismunun í störfum felur ekki skilyrðislaust í sér mismunun vegna þjóðernis,

telur að nánari reglur, sem cinnig taka til félagslegs öryggis, séu æskilegar til þess að stuðla að því að farandverkamenn hafi sömu möguleika og aðbúð og aðrir og að þeim sé tryggð aðbúð, er eigi sé lakari en landsmenn njóta að því er varðar málefni, sem skipað er með lögum eða reglugerðum, eða eru háð eftirliti stjórnvalda,

telur að nán samvinna við Sameinuðu þjóðirnar og aðrar sérstakar stofnanir sé nauðsynleg til þess að aðgerðir í margvíslegum vandamálum farandverkamanna takist að fullu,

telur að við samningu eftirfarandi reglna hafi verið tekið tillit til aðgerða Sameinuðu þjóðanna og annarra sérstakra stofnana og að með það fyrir augum að forðast tvíverknað og til þess að tryggja hæfilega samræmingu þurfi stöðuga samvinnu um að efla og tryggja framkvæmd reglnanna,

hefur samþykkt ákveðnar tillögur varðandi farandverkamenn, en það er fimmta mál á dagskrá þingsins, og

þar sem það hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, til viðbótar Samþykkt frá 1949 um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit og Samþykkt frá 1958 um mismunun, gerir þingið í dag hinn 24. júní 1975 eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um farandverkamenn (viðbótarákvæði), 1975:

I. KAFLI

Fólksflutningar við óhæfileg skilyrði.

1. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, skuldbindur sig til þess að virða grundvallarmannréttindi allra farandverkamanna.

2. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, skal á skipulegan hátt leitast við að komast að raun um það, hvort farandverkamenn eru með ólöglegum hætti í atvinnu í landi þess og hvort flutningar fólks í atvinnuskyni frá landinu, um það eða til þess, eiga sér stað með þeim hætti að það á ferð sinni, við komu eða meðan á dvöl þess eða atvinnu stendur, sé háð skilyrðum, sem andstæð eru viðeigandi alþjóðlegum, fjölþjóðlegum eða tvíhliða samþykktum eða samningum eða landslögum eða reglugerðum.
2. Hafa skal fullt samráð við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna og þeim gert fært að koma á framfæri þeim upplýsingum, sem þau kunna að hafa og mál þetta varða.

3. gr.

Til þess að koma í veg fyrir þá óhæfu sem um ræðir í 2. gr. og útrýma henni ætti sérhvert aðildarríki að gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir bæði innan lögsögu sinnar og í samvinnu við önnur ríki:

- a. til þess að koma í veg fyrir leynilega flutninga fólks milli landa í atvinnuskyni og ólöglega ráðningu farandverkamanna, og
- b. gegn þeim mönnum, sem skipuleggja ólöglega eða leynilega flutninga fólks, sem í atvinnuleit fer frá landi þess, eða um það eða kemur til landsins svo og gegn þeim, sem hafa í vinnu verkamenn, sem hafa komið til landsins á ólöglegan hátt.

4. gr.

Einkum skulu aðildarríki gera þær ráðstafanir, sem á innlendum eða alþjóðlegum vettvangi eru nauðsynlegar til skipulagðra tengsla og skipta á upplýsingum við önnur ríki um málið í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna.

5. gr.

Eitt þeirra markmiða, sem stefnt er að með ráðstöfunum samkvæmt 3. og 4. grein þessarar samþykktar skal vera það, að unnt verði að lögsækja þá menn, sem skipuleggja verslun með vinnuafli, án tillits til þess í hvaða landi þeir reka starfsemi sína.

6. gr.

1. Með lögum eða reglugerðum skal setja ákvæði um virkar aðferðir til þess að komast að því hvort farandverkamenn eru ólöglega í atvinnu og um skilgreiningu og beiðingu stjórnarfarslegra, borgaralegra og refsiréttarlegra viðurlaga, þ. á m. refsivistar, vegna ólöglegrar atvinnu farandverkamanna, vegna skipulagningar flutninga fólks í atvinnuleit, sem hafa í för með sér misferli sem um ræðir í 2. gr. þessarar samþykktar og vegna meðvitaðrar aðstoðar við slíka flutninga hvort sem er í ágóðaskyni eða ekki.
2. Þegar atvinnurekandi er lögsóttur samkvæmt ákvæðum, sem sett eru samkvæmt þessari grein, skal honum gert unnt að leggja fram sönnunargögn um að hann hafi verið í góðri trú.

7. gr.

Aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna skulu höfð með í ráðum við setningu laga og reglugerða og aðrar ráðstafanir, sem um ræðir í þessari samþykkt og miða að því að afstýra og útrýma misferli því, sem um ræðir hér að framan og viðurkenna skal möguleika þessara samtaka til þess að eiga frumkvæði í þessum efnum.

8. gr.

1. Hafi farandverkamaður haft löglega búsetu í landinu í atvinnuskyni skal ekki litið svo á að hann sé í ólöglegri aðstöðu vegna þess eins að hann hefur misst atvinnu sína, en það skal í sjálfu sér ekki hafa það í för með sér að dvalar- eða atvinnuleyfi hans verði afturkallað.
2. Þar af leiðandi skal hann njóta jafnréttis við landsmenn sérstaklega að því er varðar atvinnuöryggi, tilvísun á aðra atvinnu, atvinnubótavinnu og endurþjálfun.

9. gr.

1. Án þess að skertar verði ráðstafanir til þess að hafa stjórn á flutningum fólks í atvinnuleit með því að tryggja það, að farandverkamenn komi til hlutaðeigandi lands og þeir séu teknir í vinnu í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir, skal farandverkamaðurinn og fjölskylda hans njóta jafnréttis að því er tekur til réttinda, sem byggjast á fyrri vinnu hans og varða kaupgreiðslu, félagslegt öryggi og önnur hlunnindi, enda þótt þessum lögum og reglugerðum hafi ekki verið hlýtt og staða hans geti ekki samrýmst gildandi reglum.
2. Ef upp kemur deila um réttindi þau, sem um ræðir í undanfarandi tölulið, skal verkamaðurinn eiga kost á því að leggja sitt mál fyrir þar til bæran aðila annað hvort sjálfur eða fyrir milligöngu talsmanns.
3. Ef verkamanninum eða vandamönnum hans er vísað úr landi skulu þeir ekki bera kostnað af því.
4. Ekkert í þessari samþykkt skal vera því til fyrirstöðu að aðildarríki veiti fólki, sem dvelur eða vinnur ólöglega í landi þess, rétt til dvalar og atvinnu með löglegum hætti.

II. KAFLI

Jafnrétti til atvinnumöguleika og aðbúðar.

10. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, skuldbindur sig til þess að marka og framfylgja með aðferðum, sem hæfa aðstæðum og venju í landinu, stefnu, sem miðar að jafnrétti til atvinnumöguleika og aðbúðar að því er varðar atvinnu og störf, félagslegt öryggi, stéttarfélagsleg og menningarleg réttindi, svo og frelsi einstaklinga og félagafrelsi, fyrir fólk, sem löglega dvelur í landi þess sem farandverkamenn eða skyldulið þeirra.

11. gr.

1. Að því er tekur til þessa kafla þessarar samþykktar er með hugtakinu „farandverkamaður“ átt við mann, sem flytur eða hefur flutt frá einu landi til annars í því skyni að fá vinnu hjá öðrum og á það við hvern þann mann, sem við er tekið sem farandverkamanni.
2. Þessi kafli samþykktarinnar tekur ekki til:
 - a. landamæraverkamanna;
 - b. skemmtikrafta og fólks úr menntastéttum, sem dvelur í landinu skamman tíma;
 - c. sjómanna;
 - d. manna sem koma sérstaklega til þjálfunar eða mennta;

- e. starfsmanna félagi eða fyrirtækja, sem eru með starfsemi í landinu, og hefur verið leyft að vera í landinu um tíma að beiðni vinnuveitanda síns til þess að inna af hendi ákveðið verk eða starf um takmarkaðan tíma og eiga að hverfa úr landi að starfi loknu.

12. gr.

Á þann hátt, sem við á í hverju landi skal sérhvert aðildarríki:

- a. leita samstarfs við samtök atvinnurekenda og verkamanna og aðrar stofnanir, eftir því sem við á, um að viðurkenna og fylgja stefnu þeirri sem um ræðir í 10. grein þessarar samþykktar;
- b. framkvæma lög og námsáætlanir, sem stuðli að viðurkenningu og framkvæmd stefnunnar;
- c. gera ráðstafanir, koma í framkvæmd námsáætlunum og efla aðra starfsemi, sem miðar að því að kynna farandverkamönnum sem best stefnuna, réttindi þeirra og skyldur og þá starfsemi, sem miðar að því að veita farandverkamönnum raunhæfa aðstoð við að neyta réttar síns og vernda þá;
- d. afnema lagaákvæði og breyta stjórnarframslegum reglum, sem fara í hág við stefnuna;
- e. semja og framkvæma í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna stefnuskrá í félagsmálum, sem hæfir aðstæðum og venjum í landinu og gerir farandverkamönnum og fjölskyldum þeirra fært að njóta þeirra hlunninda, sem landsmenn njóta, en jafnframt skal taka tillit til sérstakra þarfa, sem þeir kunna að hafa þar til þeir hafa aðlagast samfélaginu í starfslandinu, enda sé ekki með þessu brotið í hág við meginregluna um jafnrétti til möguleika og aðstöðu;
- f. gera það sem unnt er til þess að styðja viðleitni farandverkamanna og fjölskyldna þeirra til að varðveita þjóðar- og kynþáttarsérkenni sín og menningarleg tengsl þeirra við heimaland silt, m.a. með því að gefa börnum kost á nokkurri kennslu í móðurmáli þeirra;
- g. ábyrgjast jafnrétti hvað snertir vinnuskilyrði fyrir alla farandverkamenn, sem stunda sömu störf, án tillits til sérstakra ráðningarkjara þeirra.

13. gr.

1. Aðildarríki getur gert allar þær ráðstafanir, sem eru á þess valdi og haft samvinnu við önnur aðildarríki um að greiða fyrir því að fjölskylda farandverkamanns, sem löglega er búsettur í landi þess, geti sameinast á ný.
2. Þeir vandamenn farandverkamanns, sem þessi grein tekur til, eru maki, börn á framfæri, faðir og móðir.

14. gr.

Aðildarríki getur;

- a. samtímis því, að tryggja farandverkamanni rétt til að skipta um dvalarstað innanlands, bundið frelsi til að velja sér starf því skilyrði að farandverkamaðurinn hafi dvalist löglega í landinu í atvinnuskyni um tiltekinn tíma, er ekki sé lengri en tvö ár, eða að verkamaðurinn hafi lokið fyrsta samningstíma sínum, ef landslög eða reglugerðir kveða á um skemmri samningstíma en tvö ár;
- b. að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, sett reglur um viðurkenningu á starfshæfni, sem fengin er utan lands þess, þ. á m. hæfnis- og prófvottorðum;
- c. takmarkað aðgang að nokkrum starfsgreinum eða störfum ef nauðsyn krefur vegna hagsmuna ríkisins.

III. KAFLI

Lokaákvæði.

15. gr.

Þessi samþykkt stendur ekki í vegi fyrir því að aðildarríki geri fjölþjóðlega eða tvíhliða samninga til þess að leysa vanda í sambandi við framkvæmd hennar.

16. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess, undanskilið annað hvort I. eða II. kafla hennar samþykki sínu á samþykktinni.
2. Sérhvert aðildarríki, sem gert hefur slíka yfirlýsingu getur hvenær sem er fellt hana úr gildi með síðari yfirlýsingu.
3. Sérhvert aðildarríki, sem yfirlýsing gerð samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar gildir fyrir, skal greina frá því í skýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar hvernig háttáð er lögum þess og framkvæmdum að því er varðar ákvæði þess kafla, sem undanskilinn var samþykki, að hve miklu leyti framkvæmd eru eða fyrirhugað er að framkvæma nefnd ákvæði og ástæður til þess að ríkið hefur ekki enn bætt þeim inn í viðurkenningu sína á samþykktinni.

17.—24. gr.

(Samhljóða 7.—14. gr. samþykktar nr. 141 hér að framan).

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 149 um félagssamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til 60. þingsetu sinnar í Genf hinn 4. júní 1975 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofunnar,

viðurkennir að mikilvægi verkafólks í sveitum um heim allan gerir nauðsynlegt að tengja það efnahagslegri og félagslegri þróun ef bæta á starfskjör þess og lífskjör raunverulega til frambúðar,

gefur því gaum að í mörgum löndum heims og þó einkum í þróunarlöndunum er mikil vannýting á landi og vinnuafli og að þetta gerir það nauðsynlegt að hvetja verkafólk í sveitum til þess að koma á fót frjálsum og þróttmiklum samtökum, sem fær séu um að vernda og efla hag meðlima sinna, og tryggja raunhæft framlag þeirra til efnahagslegra og félagslegra framfara,

telur að slík samtök geti og eigi að leggja sitt af mörkum til þess að draga úr ríkjandi skorti á matvælum í ýmsum hlutum heims,

viðurkennir að breyttar ábúðarreglur eru í mörgum þróunarlöndum verulegur þáttur í umbótum á vinnuskilyrðum og lífskjörum verkafólks í sveitum og að samtök slíks verkafólks ættu því að taka þátt í því að koma slíkum breytingum í framkvæmd,

minnist ákvæða í gildandi alþjóðasamþykktum og tillögum sér í lagi Samþykkt um félagafrelsi landbúnaðarfólks, 1921, Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess, 1948, og Samþykkt um félagafrelsi og samningsrétt, 1949, en þessar samþykktir staðfesta rétt alls verkafólks, þ. á m. verkafólks í sveitum til þess að stofna óháð og sjálfstæð samtök. Einnig minnst þingið ákvæða fjölmargra samþykktu og tillagna Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem varða verkafólk í sveitum og gera ráð fyrir þátttöku félagssamtaka verkafólks m. a. í framkvæmd þessara ákvæða,

minnist afskipta Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra, einkum Alþjóðavinnuárástofnunarinnar og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna af breytingum ábúðar og framfaramálum sveita,

vekur athygli á því að eftirfarandi ákvæði hafa verið samin í samvinnu við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og að til þess að koma í veg fyrir tvíverknað mun verða höfð stöðug samvinna við þá stöfnun og Sameinuðu þjóðirnar um að ýta á og tryggja framkvæmd þessara ákvæða,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi samtök verkafólks í sveitum og hlut þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun, en það er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi gerir það í dag hinn 23. júní 1975 eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu um félagssamtök verkafólks í sveitum, 1975:

I. Almenn ákvæði.

1. (1) Tillaga þessi tekur til hvers konar félagssamtaka verkafólks í sveitum þar með talin félög, sem ekki eru einungis fyrir verkafólk í sveitum en fara með umboð þess.
- (2) Tillaga frá 1966 um samvinnufélög í þróunarlöndum heldur gildi sínu að því er tekur til félagssamtaka verkafólks í sveitum, sem hún tekur til.
2. (1) Að því er tekur til þessarar tillögu er með orðunum „verkafólk í sveit“ átt við hvern þann mann, sem stundar landbúnað, handið eða skyld störf til sveita hvort sem hann er launþegi eða vinnur sjálfstætt t. d. sem leiguliði eða sjálfseignarbóndi í smáum stíl.
- (2) Tillaga þessi tekur einungis til þeirra leiguliða og smábanda á eigin jörð, sem hafa aðaltekjur sínar af landbúnaði, yrkja landið sjálfir aðeins með hjálp fjölskyldu sinnar eða aðfengnu vinnuafli um stundarsakir og ekki
 - a. hafa verkafólk í vinnu að staðaldri,
 - b. hafa í sinni þjónustu verulegan fjölda verkafólks á vissum árstímum,
 - c. eiga jörð, sem setin er af leiguliðum.
3. Allir flokkar verkafólks í sveitum, hvort sem það er launþegar eða vinnur hjá sjálfu sér, skal eiga rétt á því að stofna og ganga í félög að eigin geðþótta án fyrirfram gefins leyfis og er það aðeins háð reglum hlutaðeigandi félags um inngöngu í það.

II. Hlutverk félagssamtaka verkafólks í sveitum.

4. Það ætti að vera markmið stefnu þjóðfélagsins varðandi framfaramál sveita að greiða á frjálsum grundvelli fyrir stofnun og eflingu sterkra og sjálfstæðra félagssamtaka verkafólks í sveitum, en það er veigamikilið atriði til tryggingar því að verkafólk í sveitum eigi þátt í efnahagslegum og félagslegum framförum og njóti góðs af þeim án mismununar eins og hún er skilgreind í Samþykkt frá 1958 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.
5. Þessi félög ættu eftir því sem við á, að vera fær um:
 - a. að gæta hagsmuna verkafólks í sveitum, styrkja það og verja, t. d. með því að annast samningaviðræður á öllum stigum fyrir hönd verkafólks í sveitum sameiginlega;
 - b. að koma fram fyrir hönd verkamanna í sambandi við samningu, framkvæmd og mat á áætlunum um framfaramál sveita og hvers konar þjóðfélagslegra áætlana;
 - c. að koma því til leiðar að hinir ýmsu flokkar verkafólks í sveitum, hver eftir sínum hagsmunum, taki frá byrjun raunhæfan þátt í framkvæmd
 - (i) áætlana um framfarir í landbúnaði þ. á m. bættum aðferðum í framleiðslu, geymslu, verkun, flutningum og sölu;

- (ii) áætlana um umbætur í landbúnaði, ábúð og jarðabætur;
 - (iii) áætlana um opinber fyrirtæki og iðju og iðnað í sveitum;
 - (iv) áætlana um framfaramál sveita þ. á m. þeirra, sem framkvæmdar eru í samvinnu við Samcinuðu Þjóðirnar, Alþjóðavinnuárástofnunina og aðrar sérstofnanir;
 - (v) áætlana um fræðslu og menntun og aðra starfsemi, sem nefnd er í 15. grein þessarar tillögu;
- d. að efla og greiða verkafólki í sveitum aðgang að þjónustu svo sem á sviði lánamála, aðdráttá, markaðsmála og flutninga svo og tæknilegri þjónustu;
 - e. að eiga virkan þátt í aukningu almennrar menntunar, iðnmenntunar og þjálfunar í sveitum svo og þjálfunar til starfa fyrir sveitarfélagið, þjálfunar til starfa í samvinnufélögum og öðrum félögum verkafólks í sveitum svo og til þess að stjórna þessum félögum;
 - f. að leggja skerf til að bæta starfskjör og lífskjör verkafólks í sveitum þ. á m. heilbrigði og öryggi við vinnu;
 - g. að stuðla að aukningu félagslegs öryggis og höfuðþátta félagslegrar þjónustu svo sem á sviði húsnæðismála, heilbrigðismála og til hvíldar og hressingar.

III. Ráð til þess að stuðla að vexti félagssamtaka verkafólks í sveitum.

- 6. Í því skyni að gera félagssamtökum verkafólks í sveitum fært að gegna sínu hlutverki í efnahagslegum og félagslegum framförum ættu aðildarríkin að setja sér og framfylgja stefnu sem felur í sér raunhæfa hvatningu til þessara félags-
samtaka, einkum með það fyrir augum:
 - a. að eyða tálmunum sem eru í vegi fyrir stofnun, vexti og löglegri starfsemi þeirra, svo og hverju því misrétti gagnvart verkafólki í sveitum sem fyrir-
finnast kann á sviði löggjafar- eða framkvæmdavalds,
 - b. að veita félagssamtökum verkafólks í sveitum og meðlimum þeirra þá
fyrirgreiðslu til starfsþjálfunar og menntunar, sem önnur stéttarfélag og
meðlimir þeirra eiga kost á; og
 - c. að gera félagssamtökum verkafólks í sveitum fært að framfylgja stefnu
sem tryggja það, að meðlimir þeirra njóti félagslegrar og efnahagslegrar
verndar og réttinda, er samsvari því sem iðnverkamenn eða, eftir því sem
við á, verkamenn í öðrum starfsgreinum eiga kost á.
- 7. (1) Grundvallarreglur félagafrelsis ætti að virða að fullu. Félagssamtök verka-
fólks í sveitum ættu að vera sjálfstæð og frjáls í eðli sínu og þau ættu að
vera laus við hvers konar afskipti, þvingun og kúgun.
- (2) Rétt félagssamtaka verkafólks til þess að verða persóna að lögum ætti ekki
að binda skilyrðum þess eðlis, að þau skerði heitingu ákvæðanna í 3. gr.
og 1. tölulið þessarar greinar.
- (3) Er verkafólk í sveitum og hlutaðeigandi samtök þess neyta réttar síns
samkvæmt 3. gr. og þessum tölulið, ætti það að virða landslög eins og
aðrir einstaklingar og félagssamtök.
- (4) Landslög ættu ekki að vera á þann veg eða þannig framkvæmd að þau
skerði þau réttindi, sem um ræðir í 3. tölulið þessarar greinar.

A. Aðgerðir á sviði löggjafar og framkvæmdavalds.

- 8. (1) Með sérstöku tilliti til aðstæðna á landsbyggðinni ættu aðildarríkin að sjá
til þess að landslög eða reglugerðir tálmi ekki stofnun eða vexti félags-
samtaka verkafólks í sveitum.
- (2) Áhersla skal á það lögð:
 - a. að grundvallarreglu um félagafrelsi og samningsrétt sé að fullu fram-
fylgt á þann veg að almenn lög og reglugerðir um það efni nái til lands-
byggðarinnar eða með því að setja sérstök lög eða reglugerðir og sé

- fullt tillit tekið til þarfa allra flokka verkafólks í sveitum. Skal þetta gert sérstaklega í samræmi við Samþykkt frá 1921 um félagafrelsi landbúnaðarfólks, Samþykkt frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess og Samþykkt frá 1949 um félagafrelsi og samningsrétt;
- b. að í viðeigandi lögum og reglugerðum sé fullt tillit tekið til sérstöðu dreifbýlis, til dæmis þannig,
- (i) að kröfur um lágmarksfjölda félagsmanna, lágmarkskröfur um menntun og lágmarkskröfur um sjóði standi ekki í vegi fyrir þróun félagssamtaka í sveitum þar sem fólkið er dreift, illa menntað og fátækt;
 - (ii) að vandamál í sambandi við tengsl félagssamtaka verkafólks í sveitum við meðlimi þeirra skuli leysa þannig að virt séu réttindi allra aðila og í samræmi við ákvæði Samþykktarinnar frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess og Samþykktarinnar frá 1971 um trúnaðarmenn verkafólks;
 - (iii) að verkafólk í sveitum njóti samhæftrar verndar gegn uppsögn og útburði, sem byggist á stöðu þeirra eða starfsemi sem leiðtogar eða meðlimir í félagssamtökum verkafólks í sveitum.
9. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir annað hvort í formi vinnueftirlits eða sérstakrar starfsemi eða í öðru formi til þess að tryggja raunhæfa framkvæmd laga og reglugerða varðandi félagssamtök verkafólks í sveitum og aðild að þeim.
10. (1) Þar sem verkafólk í sveitum reynist erfitt við ríkjandi aðstæður að eiga frumkvæði að því að stofna eða starfrækja eigin félög, ætti að hvetja félög þau, sem fyrir eru til þess að gefa þeim samkvæmt ósk um það viðeigandi leiðbeiningar og aðstoð í samræmi við hagsmuni þess.
- (2) Þar sem nauðsyn ber til mætti auk þessarar aðstoðar starfrækja leiðbeiningarþjónustu, sem hefði á að skipa starfsfólki, sem gæti gefið lögfræðilegar og tæknilegar leiðbeiningar og stjórnað námskeiðum.
11. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því að raunverulega sé haft samráð og viðræður við félagssamtök verkafólks í sveitum um málefni, sem varða starf og líf í strjálbýli.
12. (1) Í sambandi við samningu og, eftir því sem við á, framkvæmd efnahagslegra og félagslegra áætlana og hvers konar annarra almennra ráðstafana, er varða efnahagslega, félagslega eða menningarlega þróun í strjálbýli, ættu félagssamtök verkafólks í sveitum að vera höfð með í ráðum um framkvæmdahætti og stofnanir svo sem ráð og nefndir, þróunarstofnanir og fjárhags- og félagsmálaráð.
- (2) Sérstaklega ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að gera mögulega raunhæfa þátttöku þessara félaga í samningu, framkvæmd og mati á áætlunum um breytta ábúð.
13. Aðildarríkin ættu að stuðla að aðgerðum og stofnunum til þess að auka sambandið milli félaga verkafólks í sveitum, atvinnurekenda og félaga þeirra og hlutaðeigandi stjórnvalda.

B. Opinberar upplýsingar.

14. Gera ætti ráðstafanir, einkum á vegum hlutaðeigandi stjórnvalds, til þess að auka:
- a. skilning þeirra, sem málið varða beinlínis, svo sem stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga og annarra, atvinnurekenda í sveitum og landeigenda, á því framlagi, sem félög verkafólks í sveitum geta innt af hendi til þess að auka og bæta dreifingu þjóðartekna, til þess að auka möguleika til arðbærra framleiðslustarfa í dreifbýli, til þess að hækka hið almenna stig menntunar og þjálfunar hinna ýmsu flokka verkafólks í sveitum og til þess að bæta almenn starfsskilyrði og lífsskilyrði í dreifbýli;

- b. skilning almennings einkum í þéttbýlinu á mikilvægi þess að jafnvægi haldist í þróun dreifbýlis og þéttbýlis og hversu æskilegt sé að efla þróun félagsamtaka verkafólks í sveitum, en það stuðlar að því að tryggja þetta jafnvægi.
15. Þessar ráðstafanir gætu m. a. verið fölgjar í
- baráttu fyrir fjöldafræðslu og aukinni menntun, sér í lagi til þess að gefa verkafólki í sveitum fullar og hagnýtar upplýsingar um réttindi þess svo að það geti hagnýtt sér þau eftir þörfum;
 - þáttum í útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndahúsum svo og greinum í héraðsblöðum og landsblöðum, sem gefi lýsingu á lífsskilyrðum og vinnuskilyrðum í sveitum og skýri markmið félaga verkafólks í sveitum og þann árangur, sem fengist hefur með starfsemi þeirra;
 - skipulagningu staðbundinna námskeiða og funda með þátttöku fulltrúa hinna ýmsu hópa verkafólks í sveitum, atvinnurekenda og landeigenda, annarra stétta þjóðfélagsins og sveitarstjórna;
 - skipulagningu kynnisferða út í sveitir fyrir blaðamenn, fulltrúa frá atvinnurekendum og verkafólki í iðnaði og verslun, nemendur í háskólum og öðrum skólum í fylgd með kennurum sínum og fulltrúa annarra stétta þjóðfélagsins;
 - gerð viðeigandi námsskráa fyrir hina ýmsu skóla og skólastig, er geri skil vandamálum við landbúnaðarframleiðslu og líf sveitafólks.

C. Menntun og þjálfun.

16. Í því skyni að tryggja heilbrigða þróun félagsamtaka verkafólks í sveitum og að sem fyrst verði að fullu viðurkenndur hlutur þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun, ætti hlutaðeigandi stjórnvöld m. a. að gera ráðstafanir til þess:
- að veita stjórnendum og meðlimum félaga verkafólks í sveitum fræðslu um,
 - landslög og reglugerðir og alþjóðareglur, er varða beinlínis starfsemi félaganna, sérstaklega um félagafrelsi;
 - grundvallarreglur um stofnun og starfsemi félaga verkafólks í sveitum;
 - málefni varðandi framfaramál sveita sem þátt í efnahagslegum félagslegum framförum í landinu, þ. á m. um landbúnaðar- og iðnaðarframleiðslu, geymslu, verkun, flutninga og sölu;
 - grundvallarreglur og aðferðir við áætlanagerð ríkisins á ýmsum stigum;
 - handbækur og starfsskrár um þjálfun, sem eru gefnar út eða gerðar af Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðavinnuálastofnuninni eða öðrum sérstofnunum og ætlaðar eru til menntunar og þjálfunar verkafólks í sveitum;
 - að efla og auka menntun verkafólks í sveitum bæði almenna menntun og menntun á sviði tækni, efnahagsmála og félagsmála svo að það verði færara um að efla félagsamtök sín, skilja rétt sinn og taka virkan þátt í framfaramálum sveitanna. Sérstaka áherslu ætti að leggja á þjálfun þess fólks, sem er ómenntað eða fáfrótt, með bóklegri kennslu í sambandi við hagnýta aukningu starfsemi þess;
 - að auka starfsemi, sem miðist við það hlutverk, sem konur geta átt og ættu að eiga í samfélaginu í sveitinni og ætti hún að vera þáttur í almennri fræðslu og þjálfun, sem konur og karlar ættu að hafa jafnan aðgang að;
 - að veita þjálfun, sem sé sérstaklega ætluð kennurum verkafólks í sveitum, til þess m. a. að gera þá færa um að aðstoða við eflingu samvinnufélaga og annarra forma þjónustustarfsemi, sem gera mundi félögunum fært að koma til móts við þarfir félagsmanna og um leið auka sjálfstæði þeirra með efnahagslegu sjálfstrausti;
 - að styðja áætlanir um frama æskufólks í sveitum almennt.

17. (1) Semja ætti og framkvæma sem áhrifaríkt atriði í veitingu þjálfunar þeirrar og menntunar, sem um getur í 16. grein, áætlanir um menntun verkafólks eða fullorðinsfræðslu, er miðuð sé við aðstæður í landinu eða héraðinu, svo og félagslegar, efnahagslegar og menningarlegar þarfir hinna ýmsu flokka verkafólks í sveitum, þar með taldar sérstakar þarfir kvenna og unglinga.
- (2) Stéttarfélög og félög sem gæta hagsmuna verkafólks í sveitum gætu tekið þátt í samningu og framkvæmd þess háttar áætlana vegna sérþekkingar þeirra og reynslu á þessu sviði.

D. Fjárhagsleg og efnisleg aðstoð.

18. (1) Þegar um það er að ræða, einkum á fyrstu stigum þróunar, að félög verkafólks í sveitum telja sig þarfnast fjárhagslegrar eða efnislegrar aðstoðar t. d. við framkvæmd áætlana um menntun og þjálfun og þau sækja um og fá slíka aðstoð, þá ættu þau að fá hana á þann hátt, að til fulls sé virt sjálfstæði og hagsmunir þeirra og félagsmanna þeirra. Slík aðstoð ætti að koma til viðbótar frumkvæði og framlögum verkafólks í sveitum til fjármögnunar þeirra eigin félagssamtaka.
- (2) Framangreindar reglur gilda jafnan um fjárhagslega og efnislega aðstoð, einnig þegar það er stefna aðildarríkis að veita slíka aðstoð sjálf.

Fylgiskjal V.

Tillaga nr. 150 um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuárástofnunarinnar, er kom saman til 60. þingsetu sinnar í Genf hinn 4 júní 1975 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuárástofnunarinnar,

leggur áherslu á mikilvægi starfsfræðslu og starfsþjálfunar í sambandi við framkvæmd stefnu og áætlana í atvinnuárásum,

minnst ákvæða gildandi alþjóðasamþykktar og tillagna, er beinlínis varða stefnu í atvinnuárásum og þá sér í lagi Samþykktar og Tillögu frá 1958 um mismunun í sambandi við atvinnu eða starf og Samþykktar og Tillögu frá 1964 um stefnu í atvinnuárásum,

minnst þess að Allsherjarþing Mennta- vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna gerði á 18. þingi sínu 1974 tillögu um tækni- og starfsmenntun,

minnst þess að Alþjóðavinnuárástofnunin og Fræðslu- vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna hafa unnið vel saman með það fyrir augum að gjörningar þessara tveggja stofnana stefni að samræmdum markmiðum og komist verði hjá tvíverknaði og árekstrum og enn fremur að þær muni halda áfram náinni samvinnu um að framfylgja þessum gjörningum í reynd,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi þróun vinnuafls með starfsfræðslu og starfsþjálfun, en það er sjötta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi gerir það í dag, hinn 23. júní 1975 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um þróun vinnuafls 1975:

I. Almenn ákvæði.

1. Þessi tillaga tekur til starfsfræðslu og starfsþjálfunar ungmenna og fullorðinna á öllum sviðum atvinnu-, félags- og menningarmála og á öllum stigum starfshæfni og ábyrgðar.

2. (1) Í þessari tillögu er með orðunum „fræðsla“ og „þjálfun“ í sambandi við „starf“ átt við það að fræðsla og þjálfun miði að því að greina og þroska hæfileika mannsins til þess að njóta arðbærrar og ánægjulegrar starfsævi og — í sambandi við mismunandi menntun — að auka hæfni einstaklingsins til þess að gera sér grein fyrir vinnuskilyrðum og félagslegu umhverfi og hafa áhrif á það einn sér eða í félagi með öðrum.
- (2) Skilgreining sú, sem felst í 1. tölulið þessarar greinar tekur til fræðslu, frumþjálfunar, framhaldsþjálfunar og endurþjálfunar í hvaða formi sem veitt er og á hvaða stigi hæfni og ábyrgðar sem er.
3. Við framkvæmd þessarar tillögu ætti aðildarríki að taka tillit til ábendinga, til uppfyllingar ákvæðum hennar, sem gerðar kunna að hafa verið af svæðisþingum, iðnaðarnefndum og fundum sérfræðinga eða ráðunauta, sem Alþjóðavinnu-málastofnunin eða aðrir hlutgengir aðilar hafa boðað til.

II. Stefnumörk og áætlanir.

4. (1) Aðildarríkin ættu að setja sér og þróa viðtæk og samræmd stefnumörk og áætlanir um starfsfræðslu og starfsþjálfun í nánnum tengslum við atvinnu, ætti það að gerast með aðstoð hinnar almennu vinnumiðlunar fyrst og fremst.
- (2) Í þessari stefnumörkun og áætlunum ætti að taka viðeigandi tillit til:
 - a. þarfa, möguleika og vandamála í sambandi við atvinnu bæði í einstökum landshlutum og í landinu öllu,
 - b. efnahagslegs, félagslegs og menningarlegs þróunarstigs; og
 - c. gagnkvæmra tengsla milli þróunar vinnuafls og annarra markmiða á sviði efnahags-, félags- og menningarmála.
- (3) Stefnumörkun og áætlunum ætti að framfylgja með þeim aðferðum, sem við eiga í hverju landi.
- (4) Stefnumörkin og áætlanirnar ættu að hvetja alla menn og gera þeim kleift á jafnréttisgrundvelli og án neins konar mismununar að þroska og nýta starfshæfni sína í störfum, sem þeir hafa mestan áhuga á og í samræmi við þeirra eigin þrá, enda sé tekið tillit til þarfa samfélagsins.
- (5) Þessi stefnumörk og áætlanir ættu einnig að hvetja fyrirtæki til þess að taka að sér að þjálfa verkamenn í starfi þeirra. Fyrirtæki ættu að hafa samvinnu við fulltrúa verkamanna um gerð námsáætlana fyrir þá og þau ættu að sjá til þess að þessar námsáætlanir séu í samræmi við áætlanir hins opinbera um þjálfun eftir því sem við verður komið.
- (6) Þessi stefnumörk og áætlanir ættu að miða að því:
 - a. að tryggja það, að menn geti komist í arðbær störf, þar með talin sjálfstæð störf, sem best eiga við hæfileika þeirra og þrá og að auðvelda skipti á atvinnu;
 - b. að auka og efla skapandi hæfileika, atorku og frumkvæði með það fyrir augum að viðhalda afkastagetu eða auka hana;
 - c. að vernda fólk gegn atvinnuleysi eða annars konar missi tekna, eða getu til að afla sér tekna vegna skorts á eftirspurn eftir fólki með þess hæfni svo og afleiðingum skertrar atvinnu;
 - d. að vernda fólk gegn mikilli líkamlegri eða andlegri áreynslu við vinnu;
 - e. að vernda fólk gegn hættum á slysum eða heilsutjóni á vinnustað með því að gera fræðslu um varnir gegn slíkum hættum að föstum þætti í starfsþjálfun í sérhverri starfsgrein;
 - f. að styðja fólk í viðleitni þess til að hljóta ánægju af starfi sínu, að finna sjálft sig og tjá sig og til þess að bæta hlutskipti sitt í lífinu með eigin aðgerðum í því skyni að auka framlag sitt til atvinnulífsins eða breyta því;
 - g. að ná félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum framförum og

- stöðugri aðlögun að breytingum með þátttöku allra hlutaðeigenda í endur-
mótun starfskrafna;
- h. að allar stéttir þjóðfélagsins geti átt þátt í framþróuninni og þeim ávinn-
ingi, sem af henni leiðir.
5. (1) Með framangreind markmið í huga ættu aðildarríkin að byggja upp opin,
sveigjanleg uppbætandi kerfi fyrir almenna tæknilega og starfslega menntun,
leiðsögn í námi og starfi og starfsþjálfun, hvort sem þessi starfsemi fer
fram innan hins almenna fræðslukerfis eða utan þess.
- (2) Aðildarríkin ættu sérstaklega að stefna að því:
- að tryggj sé að allir hafi jafna möguleika til starfsfræðslu og starfs-
þjálfunar;
 - að koma á stöðugri, viðtækri og raunhæfri starfsfræðslu fyrir hina ýmsu
hópa þjóðfélagsins í öllum greinum atvinnulífsins;
 - að koma á fót viðtæku kerfi starfsþjálfunar er nái til allra arðbærra
starfa í öllum greinum atvinnulífsins;
 - að auðvelda tilfærslu milli þjálfunarbrauta, milli og innan hinna ýmsu
starfa og greina atvinnulífsins og milli starfa, sem mismunandi ábyrgð
fylgir;
 - að samræma starfsþjálfun í einni grein atvinnulífsins þjálfuninni í
öðrum greinum;
 - að koma á fót kerfisbundinni starfsþjálfun innan allra greina atvinnu-
lífsins til alls konar starfa og á öllum stigum hæfni og ábyrgðar í starfi;
 - að veita öllum verkamönnum raunhæfa möguleika til þess að ganga á
ný inn í fræðslukerfið á það stig, sem þeim hæfir með tilliti til starfs-
reynslu þeirra;
 - að koma á fót náinni samvinnu og samræmi milli starfsfræðslu og
starfsþjálfunar, sem veitt er utan skólakerfisins, annars vegar og þeirrar
fræðslu og þjálfunar, sem veitt er í skólum, hins vegar;
 - að veita verkamönnum aðstöðu til þess að bæta við starfsfræðslu sína
þeirri félagsmálafræðslu, sem stéttarfélög þeirra veita;
 - að gerðar séu rannsóknir og að endurskoðaðar séu stjórnarathafnir og
aðferðir svo sem nauðsyn krefur til þess að framfylgt verði áællunum
um starfsfræðslu og starfsþjálfun.
6. Stefnumörk og áætlanir um starfsfræðslu ætti að:
- samræma stefnu og viðtækum áællunum um félagslegar og efnahagslegar
framfarir svo sem varðandi bættu atvinnumöguleika, umbætur í félagsmálum,
framþróun í sveitum, þróun iðnaðar og iðju, aðlögun starfsaðferða og skipu-
lagningar að mannlegum þörfum og bætt starfsskilyrði;
 - miða við alþjóðlega gagnverkun og samvinnu á félagslegu og tæknilegu
sviði;
 - endurskoða öðru hverju í ljósi þeirra framfara á sviði efnahagsmála og
félagsmála, sem á döfnni eru eða fyrirhugaðar;
 - efla starfsemi, sem hvetji verkamenn til þess að stuðla að bættum alþjóð-
legum samskiptum;
 - stuðla að auknum skilningi á tæknilegum, vísindalegum, efnahagslegum,
félagslegum og menningarlegum málefnum;
 - miða að því að mynda og efla grunnskipulag fyrir viðeigandi þjálfun er
varðar meginreglurnar um heilbrigði og öryggi á vinnustað.

III. Starfsfræðsla.

7. (1) Aðildarríkin ættu smám saman að auka starfsemi sína á sviði starfsfræðslu
þar á meðal samfelldar upplýsingar um atvinnu í því skyni að öll börn,
unglingar og fullorðnir eigi kost á viðtækum upplýsingum og sem bestri

leiðsögn þar á meðal um ráðstafanir, sem gerðar eru vegna fatlaðra og öryrkja.

- (2) Þessar upplýsingar og leiðsögn ættu að varða val á starfi, starfsþjálfun og möguleika til menntunar í sambandi við hana, ástand og horfur á vinnumarkaði, framamöguleika, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað svo og aðra þætti í lífi hins starfandi manns í hinum ýmsu greinum efnahagslegrar, félagslegrar og menningarlegrar starfsemi á öllum stigum ábyrgðar í starfi.
 - (3) Upplýsingarnar og leiðsögnina ætti að bæta með fræðslu um almenn ákvæði kjarasamninga og um réttindi og skyldur hlutaðeigenda samkvæmt vinnulöggjöf. Þessa fræðslu ætti að veita í samræmi við lög og venju í landinu og með tilliti til viðkomandi hlutverka og starfsemi þeirra félaga verkamanna og atvinnurekenda, sem hlut eiga að máli.
8. (1) Starfsfræðsla ætti fyrst og fremst að miða að því:
- a. að skapa börnum og unglingum, sem ekki eru enn komin út í atvinnulífið, grundvöll til þess að velja braut menntunar eða starfsþjálfunar í ljósi tilhneiginga þeirra, hæfileika og áhuga svo og atvinnumöguleika;
 - b. að hjálpa fólki, sem er í námi eða starfsþjálfun, til þess að hagnýta sér það sem best og búa sig undir annað hvort aukna menntun eða þjálfun eða atvinnu og frekari menntun og þjálfun eftir því sem þörf krefur á starfsævinni;
 - c. að aðstoða fólk, sem er að koma inn á vinnumarkaðinn og fólk, sem vill skipta um vinnu, eða er atvinnulaust, við að velja sér starf og skipuleggja viðeigandi menntun og starfsþjálfun;
 - d. að fræða vinnandi fólk um möguleika þess til að bæta faglega hæfni sína, afkastagetu, tekjur og stöðu svo og um þær kröfur, sem gerðar eru um menntun og þjálfun og þá möguleika, sem fyrir hendi eru til að uppfylla þær;
 - e. að auka almennan skilning á því framlagi, sem ýmsar atvinnugreinar, þar á meðal þær, sem notið hafa lítils álits, veita eða geta veitt til almennrar þróunar og atvinnuaukningar;
 - f. að aðstoða samstarfsstofnanir við að veita upplýsingar um áhrif sérstakra þjálfunaraðferða, sem þætti í starfsfræðslu.
- (2) Aðildarríkin ættu að sjá til þess að þessi fræðslustarfsemi samrýmist rétti manna til þess að eiga frjálst val um starf og sanngjarna möguleika til frama í starfi og til menntunar.
9. Þegar fræðslustarfsemi er aukin, ættu aðildarríkin að leggja á það sérstaka áherslu:
- a. að hjálpa börnum og unglingum í skóla til þess að læra að meta gildi og þýðingu vinnunnar og að kynna sér vinnuskilyrðin í sem allra flestum greinum með það fyrir augum að gera sér ljóst hvaða möguleika til atvinnu og frama standa þeim til boða og hvernig þau geta hagnýtt sér þessa möguleika;
 - b. að veita þeim börnum og unglingum, sem aldrei hafa verið í skóla eða hætt skólagöngu snemma, upplýsingar um sem allra flestar starfsgreinar og um atvinnumöguleikana í þeim svo og leiðbeiningar um hvernig þau geti komist að í þessum starfsgreinum;
 - c. að veita fullorðnum, sem eru í atvinnu, þ. á m. þeim sem vinna hjá sjálfum sér, upplýsingar um útlit og horfur í þróun sem þá varðar og þá sérstaklega um áhrif félagslegra, tæknilegra og efnahagslegra breytinga á starfs sviði þeirra;
 - d. að veita þeim, sem hafa enga eða skerta vinnu, allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um möguleika til þess að fá vinnu eða bæta hag sinn í starfi og ráð þau, sem eru til þess að ná þessu marki;

- e. að veita mönnum, sem eiga við sérstakan vanda að glíma í sambandi við nám, starfsþjálfun eða vinnu, aðstoð til að sigrast á þessum vanda með almennum ráðum, sem miða að félagslegum framförum.
10. (1) Gefa ætti kost á starfsfræðslu bæði fyrir einstaklinga og fyrir hópa, sem sé með því að láta í té ákveðin gögn og ráðgjöf til hópa manna, sem hafa svipaðar þarfir í sambandi við starf.
- (2) Ráðgjöf til einstaklinga ætti einkum að veita unglingum og þeim fullorðnum, sem þarfnast sérstakrar aðstoðar við að gera sér grein fyrir tilhneigingum sínum, hæfileikum og áhuga, og við að meta þá möguleika til menntunar, starfsþjálfunar og atvinnumöguleika, sem ætla má að þeir cigi kost á og við val á braut náms, þjálfunar eða atvinnu.
- (3) Við einstaklingsbundna ráðgjöf og hópfræðslu, eftir því sem við á, ætti að taka tillit til sérstakra þarfa einstaklingsins fyrir upplýsingar og aðstoð og sérstaklega ætti að gefa gaum líkamlega og andlega fótluðu fólki og þeim, sem illa eru settir á félagslegu sviði eða menntunar. Þessi starfsemi getur verið fólgin í þjálfun í því að leita upplýsinga, meta þær og taka ákvarðanir. Einnig getur hún falist í þjálfun við að velja sér starf úr mörgum, sem bjóðast og þroska hæfileikann til þess að velja kost að vel athuguðu máli. Ávallt ætti að virða rétt einstaklingsins til þess að velja sjálfur á grundvelli nauðsynlegra, ýtarlegra upplýsinga.
- (4) Þegar þess gerist þörf, ætti að auka við einstaklingsbundna ráðgjöf með leiðbeiningum um úrbætur og aðra aðstoð, sem að notum kann að koma við aðlögun að starfi.
11. Nú er starfsfræðsla í aðildarríki ekki fyllilega mótuð og ætti þá fyrst að stefna að því:
- a. að beina athygli unglinga að mikilvægi þess að kjósa sér almenna og starfslega menntun með fullkomnu tilliti til atvinnuhorfa og viðhorfanna í efnahagslegri og félagslegri þróun svo og þeirra eigin tilhneiginga og áhuga;
- b. að aðstoða þá hópa landsmanna, sem þarfnast hjálpar við að yfirstíga vanabundnar takmarkanir á frjálsu vali þeirra á menntun, starfsþjálfun eða starfi;
- c. að sinna þörfum þeirra, sem hafa sérstaka möguleika á starfssviðum, sem mikilvæg eru.
12. Í sambandi við starfsfræðslu ættu aðildarríkin að nota sér til fulls alla þá aðstöðu og miðlun, sem hagnýta má til þess að ná sem best til hinna ýmsu hópa landsmanna, sem í hlut eiga.
13. (1) Þegar því verður við komið, ætti að taka upp prófanir á hæfileikum og hneigðum þ. á m. lífeðlisfræðilegum og geðrænum sérkennum svo og aðrar rannsóknaraðferðir til afnota við starfsfræðslu eftir því sem þörf reynist í hverju einstöku tilviki.
- (2) Slíkar prófanir og aðrar rannsóknir ætti einungis að nota með samþykki þess, sem leiðsagnar óskar, og í sambandi við aðrar rannsóknir á persónulegum eiginleikum. Þær ættu einungis að vera gerðar af sérfræðingum.
- (3) Niðurstöður slíkra prófana og annarra rannsókna ætti ekki að kynna þriðja manni án þess að til komi skýlaust samþykki þess manns, sem prófaður var.
14. (1) Þegar prófanir og aðrar rannsóknir eru notaðar í sambandi við starfsfræðslu ætti að staðla þær með tilliti til aldurs, þjóðfélagsstöðu og menningarstígs þess fólks sem í hlut á og staðfesta ætti gildi þeirra fyrir þann tilgang sem þeim er ætlað að þjóna.
- (2) Stöðugt skal að því unnið að þróa þessar prófanir og rannsóknaraðferðir og staðla þær á ný á reglulegum fresti í samræmi við breyttar aðstæður og lífsform.

IV. Starfsþjálfun.

A. Almenn ákvæði.

15. (1) Aðildarríkin ættu smám saman að auka, aðlaga og samræma starfsþjálfunarkerfi sín til þess að bæta úr þörfinni fyrir ævilanga starfsþjálfun, bæði fyrir unglinga og fullorðna, í öllum greinum atvinnulífsins og á öllum stigum hæfni og ábyrgðar í starfi.
 - (2) Við framkvæmd þessa ættu þau að leggja sérstaka áherslu á:
 - a. að sjá til þess að þar, sem því verður við komið hjóðist möguleikar á frama í starfi fyrir þá menn, sem þess óska og hæfir eru til starfa, sem krefjast meiri færni og ábyrgðar;
 - b. að bæta starfsþjálfun í þeim greinum atvinnulífsins þar sem starfsþjálfun er að miklu leyti óskipulögð og þar sem tækni og vinnuaðferðir er orðið úrelt;
 - c. að sjá um starfsþjálfun fyrir þá landsmenn, sem ekki hefur verið nægilega sinnt áður, sér í lagi þá hópa fólks, sem er illa á vegi statt í fjárhagslegu og félagslegu tilliti;
 - d. að samhæfa á raunhæfan hátt almenna menntun og starfsþjálfun, bóklega og verklega fræðslu, svo og grunnenntun og framhaldsmenntun.
 - (3) Starfsþjálfun ætti að vera þannig, að hún stuðli að fullri atvinnu og þroskun hæfileika hvers einstaklings.
16. Starfsþjálfun í einstökum störfum og atvinnugreinum ætti, eftir því sem við á, að skipuleggja í áföngum, sem í sameiningu veita nægilega möguleika til:
 - a. frumþjálfunar unglinga og þeirra fullorðinna, sem litla eða enga starfsreynslu hafa;
 - b. frekari þjálfunar, sem geri þeim, sem eru í starfi, mögulegt:
 - (i) að auka starfsgetu sína eða gera þá hæfa til að stunda fleiri störf eða komast í betur launuð störf;
 - (ii) að endurnýja þekkingu sína og leikni í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í viðkomandi starfsgrein.
 - c. endurþjálfunar til þess að fullorðnir geti aflað sér nýrrar hæfni á öðru starfssviði;
 - d. þeirrar frekari menntunar, sem nauðsynleg er til viðbótar þjálfuninni;
 - e. þjálfunar í öryggis- og heilbrigðisaðgerðum á vinnustað, sér í lagi fyrir unglinga og þá fullorðna, sem litla starfsreynslu hafa;
 - f. fræðslu um réttlindi og skyldur verkafólks, þ. á m. um löggjöf um almannaþryggingar.
 17. (1) Til þess að veita stöðuga starfsþjálfun, ætti svo sem framast er unnt að auka og hagnýta að fullu þá möguleika, sem fyrir hendi eru og tiltækir, til starfsþjálfunar, þ. á m. þá, sem kostur er á í fyrirtækjum. Ef nauðsyn krefur ætti að veita til þessa af almannaþé.
 - (2) Við þjálfun ætti að hagnýta fjölmiðla, farkennslu, bréfanámskeið og annað það, sem að gagni má koma við sjálfsnám.
 18. Frumþjálfun unglinga, sem hafa litla eða enga starfsreynslu, ætti sérstaklega að vera fólgin í:
 - a. almennri fræðslu, er samræmd sé verklegri þjálfun og bóklegri kennslu í tengslum við hana;
 - b. grunnþjálfun í þekkingu og hæfni, sem er sameiginleg fyrir mörg skyld störf, og unnt væri að veita í mennta- eða starfsþjálfunarstofnunum eða í fyrirtækjum í vinnu eða utan hennar;
 - c. sérþjálfun í þekkingu og hæfni, sem beinlínis má hagnýta í störfum, sem fyrir eru eða verið er að stofna til;
 - d. raunhæfri kynningu á vinnuaðstæðum undir eftirliti.
 19. (1) Þegar því verður við komið ættu námskeið á stigi frumþjálfunar að samhæfa bóklega kennslu og þjálfun í fræðslustofnunum þeirri þjálfun, sem

- veitt er við vinnu í fyrirtækjum, svo að tryggt verði, að hið fyrir nefnda sé í samræmi við raunverulegar aðstæður á vinnustað. Á sama hátt ætti verkleg þjálfun utan vinnu að vera í samræmi við raunverulegar aðstæður á vinnustað eftir því sem unnt er.
- (2) Þjálfun í starfi, sem skipulögð er sem fastur hluti af námskeiðum þjálfunarstofnana ættu fyrirtæki, stofnanir og fulltrúar hlutaðeigandi verkamanna og skipuleggja sameiginlega með það fyrir augum:
- að gefa nemendum kost á að reyna það við raunverulegar vinnuaðstæður, sem þeir hafa lært utan vinnu;
 - að veita þjálfun í þeim þáttum starfsins, sem ekki er hægt að veita utan fyrirtækjanna;
 - að kynna þeim unglíngum, sem litla eða enga starfsreynslu hafa, þær kröfur og þau skilyrði, sem líklegt er að þeir verði að sæta í starfi sínu, svo og ábyrgð þeirra innan starfshópsins.
20. Menn, sem hefja vinnu að loknum námskeiðum, sem um ræðir í 19. grein hér að framan ættu að fá:
- aðstöðu til að kynna sér eðli og tilgang starfseminnar og þau skilyrði, sem unnið er við;
 - skipulagða viðbótarþjálfun í starfi ásamt nauðsynlegum bóklegum námskeiðum;
 - reynslu í hinum ýmsu störfum og starfsemi, eftir því sem unnt er, m. a. til þess að aðlagast vinnustaðnum.
21. Í samræmi við áætlanir ríkisins, landslög og reglugerðir og að höfðu samráði við félag atvinnurekenda og verkamanna, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að koma á skipan frekari þjálfunar í sambandi við vinnu í landinu öllu eða einstökum landshlutum.
22. (1) Í samráði við fulltrúa verkamanna, hlutaðeigandi verkamenn og verkstjóra þeirra, ættu fyrirtæki að semja og endurskoða á vissum fresti áætlanir um frekari þjálfun þeirra, sem hjá þeim vinna, á hvaða stigi færni og ábyrgðar, sem þeir eru. Skipa mætti samstarfsnefnd í þessu skyni.
Þessar áætlanir ættu:
- að veita mönnum möguleika til þess að gera sig hæfa til að gegna hærri stöðu með meiri ábyrgð;
 - að taka til tæknilegrar og annarrar þjálfunar svo og starfsreynslu hlutaðeigandi manna;
 - að taka tillit til hæfileika og áhugamála hlutaðeigandi manna svo og þess sem starfið krefst.
- (3) Verkstjórum ætti að vera skylt að vinna ötullega að því að áætlanirnar um frekari þjálfun takist vel.
- (4) Skipulagslega ábyrgð á gerð, framkvæmd og endurskoðun áætlana um frekari þjálfun ætti að skilgreina nákvæmlega og ef mögulegt er að fela hana sérstakri nefnd eða einum eða fleiri mönnum, er starfa á stigi, sem hæfir slíkri ábyrgð.
23. (1) Verkamenn, sem þjálfaðir eru innan fyrirtækis ættu:
- að fá hæfilega þóknun eða kaup;
 - að vera tryggðir samkvæmt almannatryggingalögum, sem taka til fasts starfsfólks hlutaðeigandi fyrirtækis.
- (2) Verkamenn, sem fá þjálfun utan vinnu, ættu að fá námsleyfi með launum í samræmi við ákvæði Samþykktar og Tillögu frá 1974 um námsleyfi með launum.

B. Reglur um leiðbeiningar um starfsþjálfun.

24. (1) Frumþjálfun og frekari þjálfun, sem leiða til viðurkenndrar hæfni í starfi ættu eftir því sem við verður komið að fara eftir almennum reglum, sem

settar eru eða samþykktar af þar til bærur aðila að höfðu samráði við hlutaðeigandi félög atvinnurekenda og verkamanna.

- (2) Í þessum reglum ætti að tilgreina:
- a. hvaða kröfur um hæfni og þekkingu eru gerðar til þeirra sem sækja um námskeið í starfsþjálfun;
 - b. þau afköst, sem ná þarf á hverju meiri háttar sviði viðkomandi starfsgreinar á hverjum áfanga þjálfunar og eftir því sem unnt er, ætti einnig að tilgreina í hverju þjálfunin er fólgin og hve langan tíma hún taki, ennfremur hvaða aðstöðu og hjálpargögn þarf til þess að tilskildum afköstum verði náð;
 - c. hvaða hluti starfsþjálfunar fari fram í skólum, hvaða hluti í þjálfunarstofnunum, í fyrirtækjum við störf eða með öðrum hætti;
 - d. hvers konar og hve langvarandi sú starfsreynsla sé, sem kann að vera krafist til starfsþjálfunar;
 - e. efni þjálfunar á grupndvelli meginreglunnar um að þjálfun miði að fleiri en einu marki og greiði fyrir skiptum á starfi;
 - f. kennsluaðferðir, sem nota skal, með tilliti til tilgangs þjálfunarinnar og sérstöðu nemanna;
 - g. próf, sem taka skal, eða aðrar aðferðir til að meta árangur;
 - h. skirteini, sem gefa skal út að vel lokinni þjálfun.
25. (1) Verið getur að mismunandi þjálfunarreglur eigi við sama starfið þegar og svo lengi sem skilyrðin, sem það er unnið við og athafnir, sem það felur í sér, er verulega breytilegt eftir atvinnugreinum eða stærð fyrirtækja.
- (2) Reglur, sem gilda um sömu störf ætti að samræma til þess að auðvelda flutning úr einu starfi í annað þannig að fullt tillit sé tekið til hæfni, sem þegar er náð og reynslu í starfi.
26. (1) Semja ætti leiðbeiningar, sem lýsi æskilegri skipan og efni þjálfunar til starfa, hæfni og ábyrgðar, sem reglur 24. greinar þessarar tillögu hafa ekki reynst eiga við.
- (2) Þessar leiðbeiningar geta verið nauðsynlegar í sambandi við:
- a. þjálfun vænlanlegra verkstjóra, sérfræðinga og framkvæmdastjóra og þeirra, sem þegar gegna þessum störfum;
 - b. þjálfun starfsþjálfara og stjórnenda, eftirlitsmanna og leiðbeinenda við starfsþjálfun;
 - c. starfsþjálfun í atvinnugreinum, sem mikið eru stundaðar af mönnum, sem vinna sjálfstætt, eða í smáum fyrirtækjum;
 - d. framfarir í þjálfun í starfsgreinum þar sem um litla eða enga nauðsynlega skipulagða starfsþjálfun hefur verið að ræða og í fyrirtækjum, sem nota úreltar starfsaðferðir og tækni.
- (3) Þessar leiðbeiningar geta cinnig átt við fyrstu þjálfun í starfi fyrir þá menn sem nýlokið hafa samfelldu námskeiði frumþjálfunar í skólum eða þjálfunarstofnunum.
27. Reglur og leiðbeiningar um starfsþjálfun ætti að athuga og endurskoða á vissum fresti í samvinnu við félög atvinnurekenda og verkamanna og breyta þeim til samræmis við breyttar þarfir. Tíðni þessara endurskoðana miðast við það hversu örar breytingar eru í hverri starfsgrein.
28. (1) Aðildarríkin ættu smám saman að koma á reglum og leiðbeiningum eða færa út svið þeirra þar til þær ná til allra meiri háttar starfsgreina og allra stiga hæfni og ábyrgðar.
- (2) Mesta áherslu ætti að leggja á starfsþjálfun til þeirra starfa og þeirra stiga hæfni og ábyrgðar, sem mesta þýðingu hafa fyrir félagslegar og efnahagslegar framfarir.

V. Þjálfun til verkstjórnar og sjálfstæðrar atvinnu.

29. (1) Þjálfun til verkstjórnar og eftirlitsstarfa ætti að veita verkstjórum, yfirmönnum og sérfræðingum, sem taka þátt í stjórnun og þeim mönnum, sem ætlað er að taka að sér stjórnun eða eftirlitsstörf.
- (2) Í samræmi við áætlanir ríkisins, landslög og reglugerðir og að höfðu samráði við félag atvinnurekenda og verkamanna ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að gera áætlanir um þjálfun til stjórnunar og eftirlitsstarfa og sjálfstæðrar atvinnu.
30. (1) Efni áætlana um þjálfun til stjórnunar og eftirlitsstarfa ætti að miðast við þær kröfur, sem gerðar eru eða gerðar verða til nemanna.
- (2) Áætlanirnar ættu einkum að miða að því:
- að auka þekkingu og skilning á efnahagslegum og félagslegum atriðum ákvarðanatöku;
 - að þroska viðhorf og hæfileika til þess að leiða og móta aðra menn með virðingu fyrir manngildi og til þess að koma á góðum samskiptum atvinnurekenda og verkamanna;
 - að auka hæfileika til frumkvæðis og jákvæðrar afstöðu til breytinga og hæfileika til að meta ábrif breytinga á aðra menn;
 - að þroska hæfileika til að taka að sér ný verkefni á vinnustað;
 - að auka skilning á mikilvægi menntunar, starfsþjálfunar og starfsfræðslu fyrir starfsfólk fyrirtækisins;
 - að auka skilning á kjörum verkamanna í starfi þeirra, áhuga á velferð þeirra og þekkingu á vinnulöggjöf og almannatryggingalögum;
 - að auka skilning manna á gildi þess að auka hæfni sína;
 - að mynda undirstöðu fyrir aukna þjálfun í samræmi við breyttar kröfur.
31. (1) Áætlanir um þjálfun til sjálfstæðrar atvinnu ættu að miðast við félagslega stöðu verkamannsins og:
- ættu auk sérlegrar þjálfunar í viðkomandi fagi, að taka til þjálfunar í grundvallarreglum og aðferðum við stjórnun viðskiptafyrirtækja og þjálfun annarra;
 - stuðla að auknum skilningi á þörfinni til þess að taka frumkvæði, meta aðstæður og taka á sig áhættu.
- (2) Þessar áætlanir ættu að vera þannig gerðar, að mögulegt sé að endurskoða þjálfunina reglulega og efla hana með stöðugum upplýsingum um nýjungar á viðeigandi tæknilegu sviði, svo og um möguleika á fjármagni og sölu-möguleika, ef þörf krefur.

VI. Áætlanir fyrir sérstök svæði eða atvinnugreinar.

32. (1) Gera ætli viðeigandi áætlanir um starfsfræðslu og starfsþjálfun fyrir sérstök svæði eða starfsgreinar þar sem verulegra umbóta eða breytinga er þörf.
- (2) Þessar áætlanir ættu að vera hluti af áætlunum ríkisins um starfsfræðslu og starfsþjálfun í heild og þær ætti að samræma öðrum aðgerðum til eflingar því svæði eða þeirri atvinnugrein, sem um er að ræða.
33. Meðal þeirra svæði, eða atvinnugreina, sem slíkra áætlana þarfnast, gæti verið ástæða til að huga sérstaklega að dreifbýlissvæðum, atvinnugreinum með úrelta tækni og starfsaðferðir, fyrirtækjum, sem eru í afturför eða eru að breyta starfsemi sinni svo og fyrirhuguðum, eða nýlega stofnuðum atvinnufyrirtækjum.

A. Strjálbýlissvæði.

34. (1) Áætlanir fyrir strjálbýlissvæði ætlu að miða að því að komið verði á jafnri aðstöðu fólks í dreifbýli og þéttbýli að því er varðar starfsfræðslu og starfsþjálfun.
- (2) Þær ætti að semja innan ramma þróunaráætlana ríkisins m. a. með tilliti til fólksflutninga milli dreifbýlis og þéttbýlis.
35. (1) Í áætlunum fyrir dreifbýlissvæði ætti að gera ráð fyrir sérstökum þörfum starfsfræðslu og starfsþjálfunar:
- landbúnaðarverkamanna, m. a. á plantekrum, smábænda og leiguliða og annarra manna, sem vinna við landbúnað og skyld störf sér í lagi í sambandi við jarðabætur og aðrar meiri háttar breytingar á sviði öflunar, framleiðslu og dreifingar á viðkomandi svæðum,
 - manna, sem stunda aðra atvinnu en landbúnað, einkum þó þeirra, sem annast kennslu, samgöngur, flutninga eða aðra þjónustu og handiðnir.
- (2) Við gerð slíkra áætlana ætti að taka tillit til mismunar á þörfum eftir tegund starfseminnar, tæknivæðingu hennar og sérhæfingu, svo og hversu vel hún svarar kröfum tímans og hve stór hún er í sniðum.
- (3) Áætlanir fyrir stjálbýlissvæði ætlu að taka til þjálfunar í skipulagningu samvinnufélaga og stjórnin fyrirtækja.
36. (1) Í löndum þar sem starfsemi og áætlanir varðandi starfsfræðslu og starfsþjálfun í dreifbýli eru enn á lágu stigi ætti í fyrstu að einbeita sér að því,
- að veita unglíngum og fullorðnum í dreifbýli upplýsingar um markmið og fyrirhugaðar aðgerðir til umbóta eða meiri háttar breytinga á uppbyggingu á viðkomandi svæði og áhrif þeirra aðgerða á starf þeirra og líf;
 - að veita unglíngum, sem eru í vinnu fræðslu og starfsþjálfun til þess að bæta upp óformlegt nám þeirra í starfi, en fræðsla þessi og þjálfun taki svo mikinn tíma þeirra sem hentar;
 - að veita fullorðnum stutta framhaldsþjálfun eða endurþjálfun inann ríkjandi þjálfunarkerfis eða með öðrum hætti;
 - að efla forystu á félagslegu og efnahagslegu sviði í dreifbýli og hvetja til almennari þátttöku í málum, sem til framfara horfa;
 - að efla löngun manna til framfara.
- (2) Þessi ríki ættu jafnan að gefa gaum að þeim forgangi, sem veittur er dreifbýlinu með það fyrir augum að vinna að því stig af stigi:
- að auka viðtækar upplýsingar og fræðslu fyrir dreifbýlisfólk í heild;
 - að koma á skipulagðri frumþjálfun fyrir unglínga eða gera hana almennari;
 - að koma á viðtækari aukinni þjálfun fyrir fullorðna í formi framhaldsþjálfunar eða endurtekinnar þjálfunar.
37. Ríki, sem ekki geta veitt dreifbýlisfólki í heild nægilega þjónustu vegna skorts á fjármagni eða þjálfuðu starfsliði, gætu tekið til athugunar:
- að einbeita sér fyrst um sinn að takmörkuðum landsvæðum þar sem öðlast megi reynslu sem að notum getur komið á öðrum landssvæðum;
 - að veita forgang jarðnæðislausum verkamönnum og öðrum fjárhagslega illa stæðum hópum manna í drcifbýli, sem mest þarfnast efnahagslegs og félagslegs réttlætis.

B. Atvinnugreinar með úrelta tækni og vinnuaðferðir.

38. (1) Að því er tekur til atvinnugreina og starfsemi þar sem algengt er að notast við úrelta tækni og vinnuaðferðir ætti eftir því sem við getur átt að gera áætlanir á svipaðan hátt og gert er fyrir dreifbýlissvæði.

- (2) Takmarkið ætti að vera það, að veita þeim, sem starfa í þessum greinum eða munu starfa í þeim, starfsfræðslu og starfsþjálfun, sem geri þá hæfa til þess að taka þátt í að breyta aðferðum og framleiðslu eftir kröfum tímans og njóta góðs af þeim breytingum sem gerðar eru.
39. Með upplýsingum og ráðgjöf ætti að fræða þá, sem vinna sjálfstætt eða reka smá fyrirtæki í þessum atvinnugreinum, um möguleika á nýbreytni í störfum þeirra og einnig um þá starfsþjálfun og aðra fyrirgreiðslu, sem þeir eiga kost á í þessu sambandi.
40. Við skipulagningu starfsþjálfunar í þessum atvinnugreinum og störfum ætti að gefa sérstakan gaum að:
- þörfum og möguleikum til að auka eða sérhæfa starfsemi fyrirtækjanna og þeirri starfsþjálfun, sem slík aukning eða sérhæfing krefst;
 - möguleikum til að bæta aðferðir við starfsþjálfun og sérstaklega möguleikum á að veita samfellda þjálfun;
 - möguleikum á að sameina starfsþjálfun stjórnenda fyrirtækja öðrum aðgerðum til aukinna afkasta.
 - Sköpun nýrra möguleika til arðbærra starfa.
41. Starfsþjálfun í þessum atvinnugreinum og störfum:
- mætti í fyrstu veita sem viðauka við hina hefðbundnu verkkenndu og þjálfun;
 - ætti að miða við þarfir unglinga, sem eru í frumþjálfun og þeirra, sem þegar eru starfandi í þessum atvinnugreinum og starfsemi, þar á meðal smáatvinnurekenda og annarra, sem veita unglingum fyrstu þjálfun.
 - Atvinnugreinar og fyrirtæki, sem eru í hnignun eða umbreytingu.
42. Þegar atvinnugreinum eða fyrirtækjum tekur að hnigna ættu verkamenn, sem það bitnar á, að fá í tæka tíð starfsfræðslu og starfsþjálfun til þess að þeir öðlist nýja starfsleikni og möguleika til að fá nýja atvinnu.
43. Þegar breytingar verða í atvinnugreinum eða fyrirtækjum á framleiðslu, framleiðsluháttum eða þjónustu, ættu verkamenn, sem það bitnar á að fá í tæka tíð þjálfun, sem skipulögð sé í samvinnu við hlutaðeigandi atvinnugreinar eða fyrirtæki svo að þeir geti lagað sig að breyttum starfsháttum.

D. Nýjar atvinnugreinar.

44. Við skipulagningu starfsfræðslu og starfsþjálfunar í sambandi við stofnun nýrra atvinnugreina ætti að taka tillit til:
- þarfanna fyrir verkamenn, fagmenn og stjórnendur meðan á uppbyggingu stendur og eftir að ný fyrirtæki hafa tekið til starfa, svo og hvers konar þarfa til endurþjálfunar manna, sem unnið hafa við uppbygginguna svo að unnt sé að fá þeim önnur störf þegar starfsemi fyrirtækisins er komin í gang;
 - þarfanna fyrir verkamenn, sem vinna sjálfstætt og verktaka sem geta tekið að sér verk í hinum nýju atvinnugreinum;
 - þarfarinnar til að veita upplýsingar um ný störf og þjálfun í þeim eftir því sem möguleikar bjóða eða nauðsyn krefst vegna breytinga á efnahagslegu ástandi á hlutaðeigandi landsvæði;
 - þarfarinnar til að veita mönnum starfsfræðslu og endurþjálfun þegar þekking þeirra og leikni er orðin úrelt vegna breytinga á kröfum til vinnuafsisins;
 - þarfarinnar til að veita sjálfstæðum verkamönnum og verktökum nýja möguleika þegar starfsemi þeirra skaðast vegna samkeppni frá nýjum atvinnugreinum.

VII. Sérstakir hópar landsmanna.

45. (1) Gera ætti ráðstafanir til þess að veita raunhæfa og viðeigandi starfsfræðslu og starfsþjálfun fyrir sérstaka hópa landsmanna svo að þeir geti notið

jafnréttis til atvinnu og eigi hægara með að aðlagast samfélaginu og atvinnulífinu.

- (2) Sérstakt tillit ætti að taka til:
- fólks, sem aldrei hefur verið í skóla eða hefur hætt skólanámi snemma;
 - aldraðra verkamanna;
 - fólks sem tilheyrir minni hluta hópum í þjóðfélaginu vegna tungumáls eða annars;
 - fatlaðra og öryrkja.

A. Fólk sem aldrei hefur verið í skóla eða hefur hætt skólanámi snemma.

- Gera ætti ráðstafanir til þess að veita öllu því fólki, sem aldrei hefur verið í skóla eða hefur hætt skólanámi áður en það hafði öðlast næga menntun til þess að aðlagast þjóðfélagi og atvinnulífi, sem er að færast í form nútímans, starfsfræðslu, almenna menntun og undirstöðupjálfun með fullu tilliti til möguleika á vinnu- markaðnum.
- Starfsfræðsla fyrir fólk, sem aldrei hefur verið í skóla eða hefur hætt skólanámi áður en það hefur öðlast nægilega leikni í lestri, skrift og reikningi, ætti að vera eins viðtæk og unnt er með tilliti til möguleikanna til sérstakrar fræðslu og starfsþjálfunar og annarra möguleika til menntunar, þjálfunar og atvinnu, sem vænta má að það eigi kost á.
- (1) Aðgerðir til að veita slíku fólki grunnþjálfun og almenna menntun geta verið fólgnar í:
 - fræðslu, nokkurn hluta dags, um þekkingaratriði og leikni, er varðar atvinnu þess og almenna menntun, sem tengd er þeirri fræðslu, fyrir börn, sem vinna við búskap fjölskyldunnar eða atvinnurekstur, eða á öðrum sviðum atvinnulífsins;
 - námskeiðum í undirstöðuatriðum starfsleikni og skyldri almennri fræðslu fyrir unglunga og cinnig fullorðna, ef það á við, til þess að búa þá undir kerfisbundna starfsþjálfun eða til þess að auka möguleika til atvinnu og frama í starfi;
 - ráðstöfunum til sérstakrar starfsþjálfunar, sem tengd er arðbæru starfi fyrir atvinnulausa unglunga, en til viðbótar komi námskeið almenns eðlis, ef þörf krefur, til þess að þeir öðlist þá fræðslu um leikni og það verklag, sem nauðsynlegt er fyrir nytsama og arðbæra starfsemi;
 - kennslu í lestri, skrift og reikningi, einkum fyrir fullorðna í sambandi við starfsþjálfun, þekkingaratriðum og leikni, sem krafist er í sérstakri starfsemi eða tegund vinnu og til raunhæfrar þátttöku í þróunarstarfi; slíka kennslu ætti að samræma hinum almennu aðgerðum til útrýmingar ólæsi;
 - sérstökum framhaldsnámskeiðum fyrir unglunga og fullorðna, sem eru í atvinnu, til þess að auka afkastagetu þeirra og möguleika til frama í starfi;
 - sérstökum námskeiðum í starfsleikni, sem mjög er eftirsótt á vinnu- markaðnum, fyrir fólk, sem litla eða enga menntun hefur.
- (2) Þróa ætti og nota sérstakar þjálfunaraðferðir í þeim aðgerðum, sem um ræðir í þessari grein.
- Hæfnisskírteini þau sem veita má að loknum þessum aðgerðum ættu að vera samræmd þeim skírteinum, sem veitt eru í hinu almenna fræðslukerfi og því fólki, sem þjálfað er með öðrum hætti.

B. Aldraðir verkamenn.

- (1) Aðgerðir til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum aldraðra verkamanna gætu, eftir því sem við á, verið fólgnar í því:
 - að sannreyna þau vinnuskilyrði, sem líkleg eru til þess að flýta fyrir líkamlegri og andlegri öldrun og breyta þeim eftir því sem mögulegt er;

- b. að veita öldruðum verkamönnum nauðsynlega starfsfræðslu og starfsþjálfun með sérstöku tilliti til hugsanlegrar þarfar þess:
- (i) að endurnýja þekkingu þeirra og leikni með því að veita þeim gagnlegar upplýsingar á réttum tíma;
 - (ii) að auka almenna menntun þeirra og starfshæfni með aðstoð sérfræðinga í fullorðinsþjálfun svo að þeir í þessum efnum komist jafnfætis betur menntuðum og þjálfuðum unglingum, sem eru að hefja sömu störf eða eru í slíkum störfum þegar;
 - (iii) að fræða þá á réttum tíma um þá kosti, sem þeir eiga á meiri þjálfun og framkvæma slíka þjálfun á réttum tíma, nefnilega áður en tekin er upp ný tækni og starfsaðferðir;
 - (iv) að gefa þeim kost á annarri stöðu í þeirra eigin fagi eða öðru þar sem þeir geta notað hæfileika sína og reynslu án kauplækkunar, ef unnt er;
 - (v) að sjá um að þeir séu ekki útilokaðir frá starfsþjálfun með óraun-sæjum aldursskilyrðum til aðgangs;
 - (vi) að þróa aðferðir við starfsþjálfun, er miðist við þarfir aldraðra verkamanna;
 - (vii) að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að útvega tæknilega og kennslufræðilega hæfa kennara, er séu vel undir það búnir að annast aukna þjálfun er hæfi sérstökum þörfum aldraðra verkamanna;
- c. að hvetja aldraða verkamenn til þess að hagnýta sér starfsfræðslu og starfsþjálfun eða tækifæri til tilfærslu, sem gæti hjálpað þeim til að sigrast á erfiðleikum sínum;
- d. að fræða almenning og sérstaklega starfslið við starfsfræðslu og starfsþjálfun, starfslið vinnumiðlunar og annarra þjónustustofnana svo og atvinnurekendur og verkamenn um þá aðlögun í atvinnu, sem aldraðir verkamenn kunna að verða að gera og um þörfina til að hjálpa þeim við þessa aðlögun.
- (2) Eftir því sem við verður komið ætti einnig að gera ráðstafanir til þess að þróa starfsaðferðir, áhöld og búnað, er hæfi sérþörfum aldraðra verkamanna og veita þjálfun í notkun þeirra.

C. Minnihlutahópar.

51. Einstaklingum í minnihlutahópum vegna tungumáls eða annars ætti að veita starfsfræðslu, sem kynnir þeim á þeirra eigin tungumáli eða máli, sem þeir kunna, eða með aðstoð túlka, ríkjandi aðstæður og kröfur á vinnumarkaðnum, réttindi og skyldur allra hlutaðeigenda og þá aðstoð, sem þeir eiga kost á til lausnar vandamálum sínum.
52. Eftir því sem nauðsyn krefur ætti að gera sérstakar starfsskrár fyrir starfsþjálfun hópa, sem eru í minni hluta vegna tungumáls eða annars. Þegar um er að ræða þjóðtungulegan minnihluta ætti að veita þjálfunina á móðurmáli hlutaðeigenda ef mögulegt er og henni ætti að fylgja tungumálakennsla ef við á.

D. Fatlað fólk og öryrkjar.

53. (1) Fatlað fólk og öryrkjar ætti að hafa aðgang að starfsfræðslu og starfsþjálfun fyrir almenning, ef það getur haft not af henni.
- (2) Ef þetta er ekki æskilegt vegna þess hvc mikil fötlunin eða örorkan er, eða hvers kyns hún er, eða vegna þarfa sérstakra hópa fallaðra eða öryrkja þá ætti að gera sérstakar starfsskrár við hæfi þessa fólks.
- (3) Gera ætti það sem unnt er til þess að fræða almenning, atvinnurekendur og verkamenn, lækna, heilbrigðisstéttir og félagsráðgjafa um þörfina til

að veita fötluðu fólki og öryrkjum starfsfræðslu og starfsþjálfun, sem geri þeim fært að fá atvinnu við sitt hæfi, um aðlögun að starfi, sem sumt af þessu fólki kann að þarfnast og um sérlega aðstoð, sem æskilegt er að veita því í starfi.

- (4) Gera ætti ráðstafanir til þess svo sem unnt er að tryggja fötluðum og öryrkjum þátttöku í atvinnulífinu í eðlilegu vinnuumhverfi.
- (5) Taka ætti tillit til Tillögu frá 1955 um starfsþjálfun fatlaðra.

VIII. Aukning jafnréttis kvenna og karla til þjálfunar og atvinnu.

54. (1) Gera ætti ráðstafanir til þess að auka jafnrétti kvenna og karla í atvinnu og samfélaginu í heild.
- (2) Þessar ráðstafanir ættu að vera fastur liður í öllum efnahagslegum, félagslegum og menningarmálalegum ráðstöfunum, sem ríkisstjórnir gera til þess að bæta stöðu kvenna hvað atvinnu varðar og þær ættu, eftir því sem við verður komið, að vera fólgnar í því:
 - a. að fræða almenning og sérstaklega foreldra, kennara, starfslið við starfsfræðslu og starfsþjálfun, starfslið vinnumiðlunar og annarra þjónustustofnana svo og atvinnurekendur og verkamenn um nauðsyn þess að hvetja konur og karla til þess að taka jafnan þátt í samfélaginu og atvinnulífinu og breyta hinni hefðbundnu afstöðu til starfa kvenna og karla á heimilum og í atvinnulífinu.
 - b. að veita ungum stúlkum og konum starfsfræðslu, menntun starfsþjálfun og atvinnumöguleika í sama mæli og drengjum og körlum og hvetja þær til þess að færa sér að fullu í nyt slíka möguleika og að að skapa þeim skilyrði til þess;
 - c. að stuðla að jafnrétti ungra stúlkna og kvenna til hvers konar menntunar og þjálfunar til allra starfa þar á meðal þeirra, sem samkvæmt hefð hafa aðeins verið ætluð drengjum og körlum og sé tekið tillit til ákvæða alþjóðlegra samþykta og tillagna,
 - d. að stuðla að aukinni þjálfun ungra stúlkna og kvenna til þess að auka persónulegan þroska þeirra og möguleika til að taka að sér sérhæfð störf og ábyrgðarstöður og einnig að hvetja atvinnurekendur til þess að veita þeim tækifæri til aukinnar starfsreynslu til jafns við karla með sömu menntun og hæfileika;
 - e. að láta í té aðstöðu til dagvistunar og aðra þjónustu fyrir börn á ýmsum aldri eftir því sem við verður komið, svo að ungar stúlkur og konur með fjölskyldu geti notið almennrar starfsfræðslu, einnig að gera sérstakar ráðstafanir svo sem að stofna til námskeiða, bréfaskóla, endurtekinnar starfsþjálfunar eða fræðslustarfsemi í fjölmiðlum;
 - f. að veita starfsþjálfun fyrir konur, sem komnar eru yfir venjulegan starfsaldur en vilja hefja vinnu í fyrsta sinn eða á ný eftir langt eða skammt hlé.
55. Sérstök þjálfun í líkingu við þá, sem um ræðir í staflíðum e og f í tölulíð (2) í 54. grein þessarar tillögu ætti að standa til boða þeim körlum, sem hafa sams konar vandamál.
56. Við framkvæmd ráðstafana til aukningar jafnréttis kvenna og karla til þjálfunar og atvinnu ætti að taka tillit til Samþykktar frá 1964 um stefnu í atvinnumálum.

IX. Farandverkamenn.

57. Veita ætti farandverkamönnum raunhæfa starfsfræðslu og starfsþjálfun svo að þeir hafi sömu möguleika og aðrir til vinnu.
58. Við starfsfræðslu og starfsþjálfun fyrir farandverkamenn ætti að taka tillit til þess að þeir kunna að hafa litla kunnáttu í máli landsins, sem þeir vinna

- i. Ákvæði 51. og 52. greinar þessarar tillögu ættu að taka til þessara verkamanna.
59. Við starfsfræðslu og starfsþjálfun farandverkamanna ætti að taka tillit til:
- a. þarfa starfslandsins;
 - b. möguleika farandverkamanna til þess að komast aftur inn í atvinnulíf heimalands síns.
60. Að því er tekur til starfsfræðslu og starfsþjálfunar farandverkamanna ætti að taka tillit til ákvæða, sem máli skipta, í alþjóðlegum samþykktum og tillögum, er varða þessa verkamenn. Um þessi atriði ætti að fjalla í samningum milli heimalanda og starfslanda.

X. Þjálfun starfsliðs við starfsfræðslu og starfsþjálfun.

61. Þjálfun starfsliðs ætti að taka til allra manna, sem vinna við skipulagningu, stjórnun, þróun eða eftirlit, eða veita starfsfræðslu eða starfsþjálfun.
62. (1) Auk þess að fá þjálfun í starfsfræðslu þ. á m. einstaklingsbundinni ráðgjöf, ætti fólk, sem veitir starfsfræðslu, að þekkja atvinnulífið almennt og starfskjör og störf manna á hinum ýmsu starfssviðum og á öllum stigum þeirra svo og möguleika til atvinnu og frama í þessum starfsgreinum og um þjálfunarnámskeið og aðra möguleika til þjálfunar, sem þeir eiga kost á. Þeir ættu einnig að kynnast heildarsamningum almennt og réttindum og skyldum samkvæmt vinnulöggjöf;
- (2) Þjálfun fólks, sem annast starfsfræðslu ætti, eftir því sem við á, að fela í sér fræðslu um líffræðileg, sálfræðileg og félagsfræðileg sérkenni hinna ýmsu flokka fólks og sérstakar þjálfunaraðferðir.
63. (1) Fólk, sem annast starfsþjálfun, ætti að hafa viðtæka fræðilega og raunhæfa þekkingu, svo og staðgóða starfsreynslu á viðeigandi sviði auk þeirrar tæknilegu og fræðilegu þekkingar, sem veitt er í skólum og þjálfununarstofnunum.
- (2) Þjálfun slíks fólks ætti eftir því sem við á að fela í sér fræðslu um hin ýmsu sérkenni og viðhorf ólíkra flokka nemenda og sérstakar þjálfunaraðferðir.
64. (1) Fólk, sem annast starfsþjálfun í sérstökum atvinnugreinum ætti að þekkja hina félagslegu, efnahagslegu og tæknilegu þætti og skilyrði viðkomandi atvinnugreinar.
- (2) Auk tæknilegrar og starfslegrar fræðslu og starfsþjálfunar á sínu sérsviði, ætti til dæmis fólk, sem vinnur að framförum í dreifbýli, að fá þjálfun í greinum eins og:
- a. hagfræði landbúnaðar, skógræktar og annarrar starfsemi í dreifbýli;
 - b. aðferðum og tækni við stjórnun í landbúnaði og skógrækt;
 - c. þjóðfélagsfræði og starfsemi stofnana í dreifbýli;
 - d. tæknilegum aðferðum við fjölmiðlun og upplýsingastarfsemi;
 - e. starfsemi samvinnufélaga þar sem þau eru.
65. Fólk, sem annast starfsfræðslu og starfsþjálfun sérstakra hópa landsmanna, ætti að þekkja hin sérstöku félagslegu og efnahagslegu vandamál þessara hópa.
66. (1) Fólk, sem ber ábyrgð á skipulagningu, stjórnun eða umsjón starfsfræðslu eða starfsþjálfunar þar með taldir forstjórar og stjórnendur stofnana, sem annast starfsfræðslu eða starfsþjálfun, þeir sem annast þjálfun í fyrirtækjum svo og ráðunautar í starfsfræðslu og starfsþjálfun ættu að hafa reynslu í því að veita starfsfræðslu eða starfsþjálfun eftir því sem við á.
- (2) Þegar því verður við komið ætti fólk, sem hefur með höndum slík störf varðandi starfsþjálfun, að hafa reynslu í störfum í fyrirtækjum öðrum en þeim, sem varða starfsþjálfun.
67. Allir þeir, sem vinna við starfsfræðslu og starfsþjálfun ættu tíðum að fá tæki-

færi til þess að endurnýja og hressa við þekkingu sína á félagsfræðilegum, efnahagslegum, tæknilegum og sálfræðilegum frumatriðum, sem þýðingu hafa fyrir störf þess og til þess að kynnst nýjum aðferðum og tækni á starfssviði þess.

XI. Rannsóknir.

68. Aðildarríkin ættu að stofna til rannsókna og tilrauna er miði að því:
- að settar verði ákveðnar reglur um forgang og stefnumörkun til eflingar starfsfræðslu og starfsþjálfunar í sérstökum greinum atvinnulífsins og fyrir sérstaka hópa landsmanna;
 - að staðreyna og meta líkurnar fyrir atvinnumöguleikum í hinum ýmsu starfsgreinum;
 - að auka þekkingu á hinum sálfræðilegu, félagsfræðilegu og kennslufræðilegu atriðum starfsfræðslu og starfsþjálfunar;
 - að meta áhrif og árangur allra þátta starfsfræðslu og starfsþjálfunar;
 - að meta beinan og óbeinan kostnað við mismunandi aðferðir við starfsfræðslu og starfsþjálfun og þann árangur, sem þær gefa;
 - að bæta þau sálfræðilegu próf og aðrar aðferðir, sem beitt er til þess að meta gáfur, kanna tilhneigingar og áhuga og til þess að komast að því hve mikil þekking og leikni hefur fengist við starfsþjálfun;
 - að auka við þær upplýsingar, sem fáanlegar eru um hin ýmsu störf og þær kröfur, sem gerðar eru í sambandi við þau.

XII. Um stjórnun og umboð.

69. (1) Opinber stjórnvöld og aðilar, sem annast almenna fræðslu og starfsfræðslu, tæknilega og starfslega fræðslu, starfsþjálfun, þjálfun starfslíðs við þróun vinnuafis og þjálfun stjórnenda, opinber stjórnvöld og aðilar, sem leggja á ráð um stefnu og framkvæmdir í atvinnumálum, félagsmálum og efnahagsmálum og aðilar, sem koma fram fyrir hönd hinna ýmsu greina atvinnulífsins og hinna ýmsu hópa fólks, sem hlut eiga að máli, ættu að hafa samvinnu um setningu stefnumarka og samningu og framkvæmd starfsreglna fyrir starfsfræðslu og starfsþjálfun.
- (2) Fulltrúar samtaka atvinnurekenda og verkamanna ættu að eiga sæti í nefndum, sem stíórna opinberum þjálfunarstöðvum eða hafa eftirlit með þeim. Þar sem slíkar nefndir fyrirfinnast ekki, ættu fulltrúar samtaka atvinnurekenda og verkamanna að taka á annan hátt þátt í stofnun og stjórn slíkra stofnana og eftirliti með þeim.
70. Auk þátttöku í setningu stefnumarka og samningu og framkvæmd starfsreglna, ættu umboðsaðilar samtaka atvinnurekenda og verkamanna í samræmi við lög og reglugerðir og innan ramma þjóðfélagslegra áætlana:
- að hvetja meðlimi þeirra og aðstoða þá við:
 - að veita möguleika og aðstæður til starfsfræðslu og starfsþjálfunar;
 - að stuðla að slíkum möguleikum og aðstæðum;
 - að nýta þessa möguleika og aðstæður til fulls;
 - að sjá fyrir þeirri starfsfræðslu og starfsþjálfun, sem þörf er til viðbótar starfsemi annarra aðila og veita upplýsingar, sem greiði fyrir slíkri starfsemi.
 - að taka þátt í rannsóknum.
71. Skýrt ætti að marka hlutverk og ábyrgð allra þeirra, sem fást við þróun vinnuafis.
72. Í sambandi við framkvæmd stefnuskrár um starfsfræðslu og starfsþjálfun ætti að gera ráðstafanir til þess:
- að veita samtökum, stofnunum og fyrirtækjum, sem hlut eiga að máli, leiðbeiningar um félagsleg og tæknileg atriði og starfsaðferðir í sambandi við kvæmdina;

- b. að veita stuðning svo sem með rannsóknum, fyrirmyndum og leiðbeiningum í sambandi við skipulagningu starfsfræðslu og starfsþjálfunar svo og hjálpargögnum með tali og myndum og upplýsingum um tækni og aðferðir, sem við eiga
- c. að skipuleggja próf undir opinberu eftirliti eða aðrar aðferðir til þess að meta hæfni til starfa, sem krefjast ákveðinnar þjálfunar;
- d. að þjálfar starfslíð;
- e. að veita mönnum eða stofnunum, sem annast skipulagningu og framkvæmd stefnuskráanna, aðgang að niðurstöðum rannsókna og annarrar reynslu;
- f. að sjá fyrir nægilegu fjármagni til þess að framkvæma stefnuskrárnar.

XIII. Tímabundnar endurskoðanir.

- 73. Aðildarríkin ættu á vissum fresti að endurskoða áætlanir sína um starfsfræðslu og starfsþjálfun með það fyrir augum:
 - a. að ná sem bestri nýtingu starfslíðs, aðstöðu og hjálpartækja;
 - b. að lagfæra skipulag, efni og aðferðir starfsfræðslu og starfsþjálfunar í ljósi breyttra skilyrða í hinum ýmsu atvinnugreinum og þarfa einstakra hópa þjóðfélagsins svo og í ljósi framfara og þekkingar á viðkomandi sviðum;
 - c. að ákveða aðrar aðgerðir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja stefnu ríkisins að þeim markmiðum, sem um ræðir í 4. til 6. grein þessarar tillögu.

XVI. Alþjóðleg samvinna.

- 74. Aðildarríkin ættu svo sem framast er unnt að vinna saman að skipulagningu og framkvæmd starfsfræðslu og starfsþjálfunar. Einnig ættu félagssamtök hvort sem þau starfa á alþjóðlegum grundvelli eða í einstökum löndum og hvort sem þau eru á vegum hins opinbera eða annarra, að taka þátt í þessari samvinnu eftir því sem æskilegt er.
- 75. Slík samvinna getur verið fólgin í því:
 - a. að ríki veiti gagnkvæma aðstoð við þessa skipulagningu eða framkvæmd;
 - b. að gerðar séu sameiginlega tilraunir og rannsóknir með það fyrir augum að styrkja og efla þessa starfsemi
 - c. að veita aðstöðu eða koma upp sameiginlegri aðstöðu fyrir fólk, sem annast starfsfræðslu eða starfsþjálfun, til þess að það geti aflað sér þekkingar, hæfni og reynslu, sem það getur ekki öðlast í heimalandi sínu;
 - d. að skipst sé á upplýsingum um starfsfræðslu og starfsþjálfun, þar á meðal upplýsingum um niðurstöður rannsókna og tilrauna; skal það gert með fundahöldum sérfræðinga, umræðufundum, námskeiðum og skiptum á ritum;
 - e. að samræma stig af stigi reglurnar um starfsþjálfun í sömu greinum innan hópa ríkja til þess að auðvelda tilflutning vinnuafis og aðgang að þjálfun erlendis;
 - f. að útbúa og dreifa efni og hjálpartækjum fyrir grundvallarstarfsfræðslu og starfsþjálfun þar á meðal námsskrám og starfslýsingum svo að það komi að notum í löndum og landssvæðum með svipaðar þarfir og stuðli að samræmingu hinna ýmsu stiga þjálfunar og aðferða við starfsfræðslu.
- 76. Aðildarríkin ættu að huga að því að stofna eða stuðla að því að stofnaðar verði sameiginlegar miðstöðvar fyrir tiltekin svæði eða hópa ríkja til þess að auðveldara sé að skiptast á upplýsingum og efla samvinnu um gerð áætlana og starfsaðferðir.

XV. Áhrif á fyrri tillögur.

77. (1) Þessi tillaga kemur í stað Tillögu um starfsfræðslu frá 1949, Tillögu um starfsþjálfun í landbúnaði frá 1956 og Tillögu um starfsþjálfun frá 1962.
- (2) Tillaga um endurhæfingu fatlaðra frá 1955, Tillaga um starfsþjálfun fiskimanna frá 1966, Tillaga um sérstakar áætlanir um vinnu og þjálfun unglinga frá 1970 og Tillaga um starfsþjálfun sjómanna frá 1970 halda gildi sínu að því er tekur til þeirra hópa fólks, sem þær eiga við.

Fylgiskjal VI.

Tillaga nr. 151 um farandverkamenn.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til 60. þingsetu sinnar í Genf hinn 4. júní 1975 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

hefur það í huga að í formála stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er þinginu falið það hlutverk að vernda „hagsmunir verkamanna þegar þeir starfa utan heimalands síns“,

minnist ákvæðanna í Samþykkt og Tillögu frá 1949 um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit og Tillögu frá 1955 um verndun farandverkamanna í þróunarlöndum, en þær fjalla um efni eins og undirbúning og skipulagningu inn- og útflutnings fólks, félagslega þjónustu, sem veitt er farandverkamönnum og fjölskyldum þeirra einkum fyrir brottför og meðan á ferð stendur, jafnrétti með tilliti til hinna ýmsu atriða sem í samþykkt þessari og tillögum greinir svo og reglur um dvöl og heimferð farandverkamanna og fjölskyldna þeirra,

hefur gert samþykkt um farandverkamenn (viðbótarákvæði) frá 1975,

telur æskilegt að setja nánari ákvæði um jafnrétti farandverkamanna að því er tekur til möguleika og aðbúðar, félagsmála og búsetu;

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi farandverkamenn, en það er fimmta mál á dagskrá þingsins, og

þar sem það hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi, gerir þingið í dag hinn 24. júní 1975 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um farandverkamenn, 1975:

1. Aðildarríkin ættu að framfylgja ákvæðum þessarar tillögu innan ramma heildarstefnunnar í málum, er varða flutninga fólks milli landa vegna atvinnu. Í þessari stefnu ætti að taka tillit til efnahagslegra og félagslegra þarfa bæði heimalands og starfslands. Hún ætti ekki einungis að miðast við þörf og framboð vinnuafis um skamman tíma heldur ætti hún einnig að miðast við lengri tíma og þær félagslegu og efnahagslegu afleiðingar sem fólksflutningar milli landa, hafa í för með sér fyrir þá, sem flyjast og þjóðfélögin, sem í hlut eiga.

I. Jafnrétti til atvinnuöguleika og aðbúðar.

2. Farandverkamenn og fjölskyldur þeirra, sem löglega dvelja í aðildarríki, ættu í raun að njóta sömu atvinnuöguleika og aðbúðar og ríkisborgarar hlutaðeigandi aðildarríkis að því er varðar:
 - a. aðgang að starfsfræðslu og vinnumiðlun
 - b. aðgang að starfsþjálfun og atvinnu að eigin vali eftir því hvaða þjálfun eða atvinna hæfir hverjum einum og ætti að taka tillit til þeirrar hæfni, sem áunni er í starfslandinu eða utan þess;
 - c. frama í starfi í samræmi við eiginleika, reynslu, dugnað og iðni;
 - d. atvinnuöryggi, tilvisun á aðra atvinnu, atvinnubótavinnu og endurþjálfun;
 - e. sömu laun fyrir jafnverðmæt störf;

- f. vinnuskilyrði þar með talið vinnutími, hvíldartími, árlegt orlof með kaupi, öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á vinnustöðum, félagslegt öryggi og velferðarmál og hlunnindi í sambandi við atvinnu;
- g. aðild að stéttarfélagum, réttindi í þeim og kjörgengi til trúnaðarstarfa í stéttarfélagum og samstarfsnefndum á vinnustöðum svo og nefndum, sem koma fram fyrir hönd verkamanna í fyrirtækjum;
- h. rétt til fullrar aðildar að hvers konar samvinnufélagum;
- i. lífskjör, þar á meðal húsnæðismál og rétt til félagslegrar aðstoðar, menntunar og heilbrigðisþjónustu.
3. Sérhvert aðildarríki ætti að tryggja það, að þeim reglum sem nefndar eru í 2. grein þessarar tillögu sé framfylgt í allri starfsemi, sem er undir stjórn opinbers stjórnvalds og með þeim hætti, sem við á í landinu, ætti það að stuðla að því að reglunum sé framfylgt í allri annarri starfsemi.
4. Í samvinnu við samtök atvinnurekenda og verkamanna og önnur hlutaðeigandi samtök ætti að gera ráðstafanir í því skyni:
- a. að auka skilning og viðurkenningu almennings á umræddum reglum;
- b. að rannsaka kvartanir um að þessum reglum sé ekki hlýtt og tryggja það með sáttagerð eða öðrum hætti að breytt sé þeim háttum sem brjóta í bága við reglurnar.
5. Sérhvert aðildarríki ætti að tryggja það, að lög og reglugerðir varðandi búsetu í landi þess séu framkvæmd á þann veg að lögleg neysla, réttinda samkvæmt þessum reglum geti ekki orðið orsök synjunar um framlengingu dvalarleyfis eða brottvísunar úr landi og hana má ekki hindra með hótun um slíkar aðgerðir.
6. Aðildarríki getur:
- a. samtímis því að tryggja farandverkamanni rétt til að skipta um dvalarstað í landinu, bundið frelsi til að velja sér starf því skilyrði að farandverkamaðurinn hafi dvalist löglega í landinu í atvinnuskyni um tiltekinn tíma, er ekki sé lengri en tvö ár, eða að verkamaðurinn hafi lokið fyrsta samningstíma sínum, ef landslög eða reglugerðir kveða á um skemmri samningstíma en tvö ár;
- b. að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda, sett reglur um viðurkenningu á starfshæfni, sem fengin er utan lands þess, þ. á m. hæfnis- og prófvottorðum;
- c. takmarkað aðgang að nokkrum starfsgreinum eða störfum ef nauðsyn krefur vegna hagsmuna ríkisins.
7. (1) Í því skyni að gera farandverkamönnum og fjölskyldum þeirra fært að njóta að fullu réttinda sinna og möguleika á atvinnu, ætti að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samráði við aðalsamtök verkamanna og atvinnurekenda:
- a. til þess að fræða þá um rétt þeirra samkvæmt lögum og venju að því er varðar þau atriði, sem um ræðir í 2. grein þessarar tillögu, ætti þessi fræðsla að fara fram á móðurmáli þeirra ef unnt er, en ella á öðru máli sem þeir skilja.
- b. til þess að auka kunnáttu þeirra í þjóðtungu starfslandsins og sé það gert í vinnutíma eftir því sem unnt er,
- c. til þess yfirleitt að hjálpa þeim til að aðlagast samfélaginu í starfslandinu og styðja viðleitni farandverkamanna og fjölskyldna þeirra til að varðveita þjóðar- og kynnpáttarsérkenni sín og menningartengsl þeirra við heimaland sitt m. a. með því að gefa börnum kost á nokkurri kennslu í móðurmáli þeirra.
- (2) Þegar aðildarríki hafa gert með sér samning um hópráðningu verkamanna, ættu þau í sameiningu að gera ráðstafanir til þess að áður en verkamennirnir fara frá heimalandi sínu fái þeir kennslu í þjóðtungu starfslandsins og fræðslu um efnahags- félags- og menningarmál landsins.
8. (1) Án þess að það hafi áhrif á ráðstafanir til að tryggja það að farandverkamenn og vandamenn þeirra komi til landsins og fái atvinnu í samræmi við

lög og reglur, ætti svo fljótt sem unnt er að taka ákvörðun í málum er varða brot á þesum lögum eða reglugerðum svo að verkamaðurinn fái að vita hvort staða hans getur orðið lögleg eða ekki.

- (2) Nú hefur staða farandverkamanns verið gerð lögleg og ætti hann þá að njóta allra þeirra réttinda, sem samkvæmt 2. grein þessarar tillögu eru veitt farandverkamönnum, sem eru í landinu með löglegum hætti.
- (3) Nú hefur staða farandverkamanns ekki verið lögleg og getur ekki orðið það og ætti hann þá að njóta jafnréttis fyrir sig og vandamenn sína að því er tekur til réttinda sem byggjast á núverandi eða fyrra starfi og varða kaupgreiðslu, félagslegt öryggi og önnur hlunnindi, svo og að því er varðar aðild að stóttarfélögum og félagsréttindi.
- (4) Ef upp kemur deila um réttindi þau, sem um ræðir í undanfarandi tölu- liðum, ætti verkamaðurinn að eiga þess kost að leggja mál sitt fyrir þar til bærán aðila annað hvort sjálfur eða fyrir milligöngu talsmanns.
- (5) Ef verkamanninum eða vandamönnum hans er vísað úr landi ættu þeir ekki að bera kostnað af því.

II. Félagsmálastefna.

9. Í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna ætti sérhvertt aðildar- ríki að semja og framkvæma stefnuskrá í félgs málum, sem hæfir aðstæðum og venju í landinu og gerir farandverkamönnum og fjölskyldum þeirra fært að njóta þeirra hlunninda, sem landsmenn njóta, en jafnframt ætti að taka tillit til sérstakra þarfa, sem þeir kunna að hafa þar til þeir hafa aðlagast samfélaginu í starfslandinu, enda sé ekki brotið í bág við meginregluna um jafnrétti til atvinnumöguleika og aðstöðu.
10. Til þess að stefnan hæfi sem best raunverulegum þörfum farandverkamanna og fjölskyldna þeirra ætti hún að vera sérstaklega byggð á rannsóknum á að- stæðum ekki aðeins í landi aðildarríkisins heldur einnig í heimalandi verka- mannsins.
11. Við mótun þessarar stefnu ætti að hafa í huga að nauðsynlegt er að dreifa félags- legum útgjöldum vegna innflytjenda sem jafnast og réttlátast á alla þjóðina og sér í lagi á þá sem mest hagnast á vinnu innflytjendanna.
12. Á vissum fresti ætti að endurskoða og meta stefnuna og breyta henni ef þess er þörf.

A. Sameining fjölskyldna.

13. (1) Bæði þau ríki, sem farandverkamenn starfa í og þeir koma frá ættu að gera það mögulegt er til þess að greiða fyrir því að fjölskyldur þeirra geti sameinast á ný svo fljótt sem verða má. Þetta ætti m. a. að gera með lögum, reglugerðum og samningum tveggja eða fleiri ríkja.
- (2) Það ætti að vera skilyrði fyrir sameiningu fjölskyldna að verkamaðurinn hafi viðunandi húsnæði fyrir fjölskylduna, sem uppfylli sömu kröfur og gerðar eru til húsnæðis fyrir ríkisborgara starfslandsins.
14. Fyrirsvarsmenn allra hlutaðeigenda, sér í lagi atvinnurekenda og verkamanna, æltu að vera með í ráðum um aðgerðir til að greiða fyrir sameiningu fjöl- skyldna og leita skal samvinnu við þá um framkvæmdir.
15. Að því er tekur til ákvæða þessarar tillögu um sameiningu fjölskyldna ætti til fjölskyldu farandverkamanns að teljast maki, börn á framfæri, faðir og móðir.
16. Í því skyni að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna svo fljótt sem verða má í samræmi við 13. gr. þessarar tillögu ætti sérhvertt aðildarríki að taka fullt tillit til þarfa farandverkamanna og fjölskyldna þeirra. Þessa tillits ætti sér- staklega að gæta í stefnu ríkisins í húsnæðismálum og ráðstöfunum í sam- bandi við móttöku hlutaðeigandi fólks.

17. Nú hefur farandverkamaður verið í atvinnu í starfslandi í a. m. k. eitt ár og hefur ekki getað fengið fjölskyldu sína til sín og ætti hann þá að eiga rétt á því:
- a. að heimsækja dvalarland fjölskyldu sinnar í orlofi því, sem honum ber samkvæmt lögum eða venju starfslandsins, án þess að hann í fjarveru sinni glati réttindum, sem hann hefur áunnið sér eða er að ná og sér í lagi ætti ekki að segja honum upp starfi eða aflurkalla dvalarleyfi hans í starfslandinu á þessum tíma;
 - b. að fá fjölskyldu sína í heimsókn um tíma, sem sé a. m. k. jafnlangur því árlega orlofi, sem hann á rétt á.
18. Athuga ætti möguleika á því að veita farandverkamanni fjárhagslega aðstoð til þess að standa straum af ferðakostnaði vegna ferða, sem um ræðir í undanfarandi grein, eða afslátt á ferðakostnaði, t. d. með því að skipuleggja hópferðir.
19. Menn, sem við er tekið í samræmi við alþjóðlegt samkomulag um frjálsa flutninga vinnuafis ættu að njóta góðs af þeim aðgerðum, sem um ræðir í 13. til 18. grein þessarar tillögu, án þess að skert séu ákvæði sem eru hagstæðari þessum mönnum.

B. Heilsuvernd farandverkamanna.

20. Gera ætti allar þær ráðstafanir, sem við eiga, til þess að koma í veg fyrir hvers konar sérlegar hættur á heilsutjóni, sem farandverkamenn geta orðið fyrir.
21. (1) Eftir því sem við verður komið ætti að þjálfa og fræða farandverkamenn um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á vinnustöðum. Þetta ætti að gera í sambandi við verklega þjálfun eða undirbúning undir starf og sem hluta af þeirri þjálfun ef unnt er.
- (2) Auk þess ætti í vinnutíma og þegar er vinna er hafin, að veita farandverkamanni nægar upplýsingar um aðalatriði laga og reglugerða og ákvæða í kjarasamningum varðandi vernd verkamanna, slysavarnir og þær öryggisreglur og ráðstafanir, sem sérstök störf varða. Fræðslu þessa ætti að veita á móðurmáli verkamannsins ef því verður við komið, en ella á öðru máli, sem hann skilur.
22. (1) Atvinnurekendur ættu að gera það sem unnt er til þess að farandverkamenn geti að fullu skilið fyrirmæli, aðvaranir, tákni og önnur merki í sambandi við öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á vinnustöðum.
- (2) Þegar þjálfun og fræðsla, sem veitt er öðrum verkamönnum, kemur farandverkamönnum ekki að fullum notum vegna vankunnáltu í framleiðslu-háttum eða tungumáli eða af öðrum sökum, ætti að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta úr því.
- (3) Aðildarríkin ættu að hafa lög eða reglugerðir, sem tryggja framkvæmd þeirra reglna, sem nefndar eru í þessari grein og sjá til þess að heita megi stjórnarfarslegum, borgararéttarlegum og refsiréttarlegum viðurlögum gegn atvinnurekendum og öðrum mönnum eða ábyrgum félögum, sem ekki breyta eftir þessum lögum eða reglugerðum.

C. Félagsleg þjónusta.

23. Í samræmi við ákvæði 2. greinar þessarar tillögu ættu farandverkamenn og fjölskyldur þeirra að njóta starfsemi félagsmálastofnana með sömu skilyrðum og ríkisborgarar starfslandsins.
24. Auk þessa ætti að koma á fót félagsmálastofnunum, sem sérstaklega annast eftirtalin verkefni, sem varða farandverkamenn og fjölskyldur þeirra:
- a. að veita farandverkamönnum og fjölskyldum þeirra aðstoð við að laga sig að aðstæðum í starfslandinu á sviði efnahags- félags- og menningarmála,

- b. að hjálpa farandverkamönnum og fjölskyldum þeirra til að fá upplýsingar og leiðsögn frá viðkomandi aðilum t.d. með aðstoð við þýðingar, við að fullnægja alls konar formsatriðum og við að færa sér í nyt þjónustu og fyrirgreiðslu, sem veitt er á sviðum eins og menntun, starfsþjálfun, tungumálakennslu, heilsugæslu og almannatryggingum, húsnæðismálum, samgöngumálum og fristundaiðju. Farandverkamenn og fjölskyldur þeirra ættu þó eftir því sem unnt er að eiga rétt á því að hafa samband við stjórnvöld í starfslandinu á sínu eigin tungumáli, eða öðru máli sem þeir kunna, einkum gildir þetta í sambandi við lögfræðilega aðstoð og dómsmál;
- c. að aðstoða stjórnvöld og stofnanir í sambandi við skyldur þeirra varðandi lífsskilyrði og starfsskilyrði farandverkamanna og fjölskyldna þeirra, skilgreiningu á þörfum þeirra og hvernig bæta má úr þeim;
- d. að láta hlutaðeigandi stjórnvöldum í té upplýsingar og tillögur, ef það á við, um samningu, framkvæmd og mat á stefnu í félagsmálum að því er varðar farandverkamenn;
- e. að veita starfsfélögum, verkstjórum og eftirlitsmönnum upplýsingar um stöðu og vandamál farandverkamanna.
25. (1) Eftir því sem við á í hverju landi, ætti sú félagsleg þjónusta, sem um ræðir í 24. grein þessarar tillögu að vera í höndum stjórnvalda eða viðurkenndra félaga eða stofnana, sem ekki starfa í ágóðaskyni, eða slíkra aðila í sameiningu. Stjórnvöld ættu að bera aðalábyrgð á því að þessi félagslega þjónusta standi farandverkamönnum og fjölskyldum þeirra til boða.
- (2) Hagnýta ætti til fulls þá þjónustu, sem veitt er eða veitt getur verið af stjórnvöldum og stofnunum, sem veitt er eða veitt getur verið af stjórnvöldum og stofnunum, sem þjóna ríkisborgurum starfslandsins þar með talin samtök atvinnurekenda og verkamanna.
26. Sérhvert aðildarríki ætti að gera nauðsynelagr ráðstafanir til þess að fánlegt sé nægilega fjölmennt og þjálfað starfslíð fyrir þær félagsmálastofnanir, sem um ræðir í 24. grein þessarar tillögu.
27. Sérhvert aðildarríki ætti að stuðla að samvinnu og samræmingu hinna ýmsu félagsmálastofnana í landi þess svo og milli þeirra og hliðstæðra stofnana í öðrum löndum, en þessi samvinna og samræming dregur ekki úr skyldum ríkjanna í þessu efni.
28. Sérhvert aðildarríki ætti að skipuleggja og stuðla að því að haldnir séu á vissum fresti fundir til þess að skiptast á upplýsingum og reynslu. Ætti þetta skipulag að taka til landsins alls eða einstakra landshluta, einnig getur það tekið til einstakra starfsgreina sem verulegur fjöldi farandverkamanna vinnur í, ef það þykir henta.
29. Fyrirsvarsmenn allra hlutaðeigenda sér í lagi atvinnurekenda og verkamanna ættu að vera með í ráðum um skipulagningu félagslegrar þjónustu, sem við á, og leita ætti eftir samvinnu við þá um aðgerðir til að ná settu marki.

III. Atvinna og búseta.

30. Í samræmi við ákvæði 18. greinar tillögunnar frá 1949 um inn- og útflutning fólks í atvinnuskyni, ættu aðildarríkin að forðast það, svo sem unnt er, að vísa úr landi farandverkamanni, sem þar dvelur með löglegum hætti, vegna þess að hann skorti efni til framfæris, eða vegna ástands á vinnumarkaðnum. Þótt slíkur verkamaður missi atvinnu sína ætti það út af fyrir sig ekki að hafa í för með sér afturköllun búsetuleyfis hans.
31. Farandverkamanni, sem misst hefur atvinnu sína, ætti að veita nægilega langan frest til þess að finna sér annað starf, og sé sá frestur a. m. k. jafn langur þeim tíma, sem hann nýtur atvinnuleysisbóta, ef um þær er að ræða. Búsetuleyfi ætti að framlengja til samræmis við þetta.

32. (1) Nú hefur farandverkamaður kært uppsögn sína samkvæmt gildandi reglum og skal honum þá veittur nægur tími til þess að fá endanlega skorið úr málinu.
- (2) Nú sannast að uppsögn úr atvinnu hefur ekki verið réttmæt og ætti þá farandverkamaðurinn — með sömu skilyrðum og innlendir verkamenn — að eiga rétt á því að fá sína fyrri atvinnu á ný, bætur fyrir missi tekna eða annarra greiðslna, sem leiðir af hinnari ólöglegu uppsögn, eða fá nýja atvinnu og rétt til bóta. Ef hann fær ekki sína fyrri atvinnu ætti að veita honum nægan tíma til að útvega sér aðra.
33. Farandverkamaður, sem vísað er úr landi, ætti að hafa rétt til að áfrýja þeim úrskurði til handhafa framkvæmdavalds eða dómara eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum eða reglugerðum. Þessi áfrýjun frestar brottvísun, en fullt tillit skal þó tekið til öryggis ríkisins og almennrar reglu. Farandverkamaðurinn ætti að hafa sama rétt og innlendir verkamenn til lögfræðiaðstoðar og þeir ættu að eiga kost á aðstoð tólks.
34. (1) Án tillits til þess hvort dvöl farandverkamanns í landi, sem hann hefur starfað í, hefur verið lögleg eða ekki, ætti hann við brottför frá landinu að eiga rétt á því:
- a. að fá þau laun, sem hann kann að eiga inni fyrir unnin störf, og þær greiðslur sem venja er að inna af hendi við starfslok;
 - b. að fá slysabætur, sem hann kann að eiga rétt á vegna slyss við vinnu;
 - c. í samræmi við landsvenju,
 - (i) að fá bætur fyrir orlof, sem hann hefur áunnið sér, en ekki tekið;
 - (ii) að fá endurgreidd almannatryggingagjöld, sem hafa ekki veitt og munu ekki veita honum réttindi samkvæmt landslögum, reglugerðum eða samkomulagi ríkja, þegar greiðsla almannatryggingagjalda veilir ekki bótarétt ætti að leitast af fremsta megni við að vernda rétt farandverkamanna með samningum milli ríkja.
- (2) Þegar krafa samkvæmt tölulið (1) er vefngd, ætti verkamaðurinn að eiga þess kost að leita réttar síns hjá hlutaðeigandi stofnun og njóta sama réttar og innlendir verkamenn að því er varðar lögfræðiaðstoð.

